# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr: 2491 Síðan 1968 52. árgangur
Miðvikudagur 20. mars 2019
selfoss@prentmet.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss




## Verslun A4 flutt í nýtt húsnæði á Selfossi

*Henný Margrét Ásgrímsdóttir afgreiðslukona og Ásdís Ýr Aradóttir verslunarstjóri hjá A4 á Selfossi.*

Verslun A4 á Selfossi flutti nýverið í nýtt húsnæði að Austurvegi 24, þar sem Pósturinn var áður til húsa. Verslun A4 var áður að Austurvegi 65. „Verslunarrýmið nánast tvöfaldast þannig að við höfum miklu meira pláss en við vorum með og höfum því getað aukið vöruúrvalið verulega,“ segir Ásdís Ýr Aradóttir verslunarstjóri. Á nýja staðnum hefur m.a. verið bætt við ferðavörum og leikföngum. „Við bættum líka við skrifstofuhúsgögnum og bjóðum upp á þjónustu fyrir fyrirtæki,“ segir Ásdís Ýr.



## Lyfjaverslun vantar í Vík

Mikill uppgangur hefur verið í Vík í Mýrdal undanfarin ár, fjölgun íbúa var sú mesta á landinu á síðasta ári og hafa færri komist að en vildu vegna húsnæðisskorts þó mikið hafi verið byggt af nýju húsnæði undanfarin ár. Í sveitarfélaginu búa nú um 700 manns. Stöðug og mikil fjölgun hefur átt sér stað síðan 2013. En það segir ekki alla söguna, að meðaltali stoppa um 7.000 ferðamenn í Vík á hverjum sólarhring allt árið. Óhætt er að segja að sveitarfélagið sé sá staður sem flestir ferðamenn heimsækja næst á eftir Gullna hringnum. Allur þessi fjöldi ferðamanna kallar á alls konar þjónustu, tækifærin eru á hverju strái. Eitt af því sem sárlega vantar í sveitarfélagið er lyfjaverslun með öllu því vöruúrvali sem henni fylgir. Það þykir með ólíkindum að enginn skuli hafa séð tækifæri í því að opna slíka verslun á staðnum. Heyrst hefur að stóru lyfsalarnir telji þetta ekki nógu stóran markað, þá er spurning hvort þeir eru að gera sér grein fyrir öllum þeim fjölda sem er í Vík á hverjum tíma. Mýrdælingar skora á lyfsala í landinu að skoða þennan möguleika, mikill vilji er hjá sveitarfélaginu að greiða götu þeirra sem eftir því leita. þg/ög



*Elvar Örn og Daníel sem tók við viðurkenningunni fyrir hönd Maríu, systur sinnar.*

## Dagný og Elvar íþróttafólk HSK

Dagný María Pétursdóttir, taekwondokona og Elvar Örn Jónsson, handknattleiksmaður, bæði úr Umf. Selfoss, voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarl HSK árið 2018 á héraðsþingi HSK sl. fimmtudag. Daníel Jens, bróðir Dagnýjar, tók við viðurkenningunni fyrir hönd systur sinnar sem var erlendis. ög



## „Til Maríu“

*Hilmar Örn Agnarsson, Björg Þórhallsdóttir og Gunnar Kvaran*

Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona, Gunnar Kvaran sellóleikari og Hilmar Örn Agnarsson halda tónleika á boðunardegi Maríu í Torfastaðakirkju sunnudaginn 24. mars nk. kl. 16 og í Stóra-Núpskirkju sama dag kl. 20:30. Á efnisskránni eru Ave Maríur eftir ýmsa höfunda ásamt verkum eftir Báru Grímsdóttur, Sigvalda Kaldalóns, C. Franck, J.S. Bach, o.fl. Gunnar Kvaran flytur stutta hugleiðingu um lífið og tónlistina á tónleikunum. Kirkjukór Stóra-Núpsprestakalls syngur með á tónleikunum í Stóra-Núpskirkju. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

## Lionsklúbburinn Embla gaf Vinnustofu VISS peningagjöf

Líknarnefnd Lionsklúbbsins Emblu ákvað á fundi sínum fyrir skömmu að færa Vinnustofu VISS í Gagnheiði á Selfossi veglega peningagjöf til að endurnýja ýmis tæki sem vantar á vinnustofuna. Myndin hér til hliðar var tekin 6. mars sl. þegar formaður líknarnefndar, Unnur Jónasdóttir, afhenti starfsmanni VISS, Guðnýju Siggeirsdóttur, gjafabréfið. Klúbburinn vonast til að þetta nýtist þessum góða vinnustað sem best. ög



*Guðný Siggeirsdóttir VISS og Unnur Jónasdóttir Lkl. Emblu.*









KJÓLADAGAR

GLÆSILEGIR KJÓLAR Á AFSLÆTTI
MIÐVIKUDAG TIL LAUGARDAGS
ÖLL FLOTTU MERKIN OKKAR KOMIN Í HÚS

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800


## Og þau dönsuðu þarna í dynjandi galsa og þau dönsuðu polka og ræla og valsa…

Í áfanganum Hreyfing og heilsa í Menntaskólanum að Laugarvatni hefur síðustu ár myndast hefð fyrir því að vera með danskennslu í vikunni fyrir árshátíð Menntaskólans.

Dansaður er ræll, skottís, enskur vals, djæf og línudans, allt eftir því hvað tíminn hefur leyft. Þetta hefur mælst vel fyrir og þótt mjög gaman. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir úr dansvikunni.









*Yngsti leikhúsgesturinn síðasta sunnudag var níu sólarhringa gamall og skemmti sér ágætlega, mest þó í draumi. Sú stúlka íhugar að mæta aftur um næstu helgi, til að fylla í eyðurnar þar sem hún dottaði.*

## Nanna systir í Árnesi - leikhópur slær í gegn

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja slær í gegn enn eitt árið með frábærri skemmtun í Árnesi. Í þetta skiptið er það leikritið Nanna systir eftir Kjartan Ragnarsson og Einar Kárason, sem snertir hláturtaugar gesta í stórskemmtilegu leikhúsi, áhugahóps sem sannarlega kann sitt fag. Fjórða sýning var í Árnesi um helgina og enn eru nokkrar eftir.

Leikstjórinn Örn Arnarson nær að virkja leikarana þannig að þeir sýnast fæddir í hlutverk sín. Sægreifasysturnar í þorpinu eru svo sannfærandi í ríkidæmi sínu, hroka, frekju og drykkjuskap að af ber. Presturinn Jens Skúli, konan með kristallana, skólastjórinn með smástelpuhneigðina og róttæki bátsmaðurinn sem þorir ekki á sjó ... allt frábærir karakterar sem skilað er alla leið. Ung eiginkona skólastjórans og leikstjórabóheminn með palestínusjalið hefja sýninguna, þar sem verið er að velja í hlutverk í leikriti inn í leikritinu, en þátttakendur í sýningunni eru leikarar í litlu þorpi sem ætla að setja upp Fjalla-Eyvind.

Smá tíma tekur að átta sig á stefnunni sem leikritið tekur, en eftir að það skýrist er stígandinn jafn og hraður og hámarki er náð þegar síðustu persónurnar, bílstjórinn, kvótasystirin að sunnan og pólsk eiginkona bátsmannsins bætast í hópinn á sviðinu og gæða sýninguna enn meira lífi og fjöri. Karakterar sem fylla vel út í sviðið, þótt í aukahlutverkum séu. Pólsk/íslenskur framburður eiginkonu bátsmannsins er sérstaklega vel æfður, þar hefur þurft alvöru tungumálanámskeið. Sviðsmyndin er sú sama allan tímann, en nóg er um að vera samt og mikið líf í leikmyndinni og oftar en ekki er fleira en eitt að gerast á sviðinu í einu.

Leikdeildin UMFG hefur verið mjög virk síðustu árin og sett upp sýningar á tveggja ára fresti. Dyggur leikhúsgestur sem lætur aldrei sýningu leikhópsins framhjá sér fara, telur sig sjá framfarir frá ári til árs hjá flestum leikurunum, sem leikið hafa með hópnum síðustu árin, frá því leikdeildin vaknaði af dvala árið 2010. Eitt af því sem batnar sérstaklega ár frá ári er framsögnin þar sem reyndustu leikararnir skila hverju orði skýrt í eyru leikhúsgesta. Nanna systir er góð skemmtun. Sá leikhúsgestur sem hér skrifar ætlar að fara aftur á sýninguna um næstu helgi og mælir með því að enginn láti hana framhjá sér fara.

*Björg Eva Erlendsdóttir*




LJÓSMYNDAPRENTUN

Sendu myndirnar í tölvupósti
eða komdu með gömlu filmurnar
og við skönnum þær fyrir þig!

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is
Eyravegur 25, Selfoss

# SKÓLASTJÓRI GRUNNSKÓLANS Á HELLU

**Byggðasamlagið Oddi bs óskar eftir að ráða skólastjóra við Grunnskólann á Hellu. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að ganga glaður til verka og leiða af dugnaði öflugt skólasamfélag með samstöðu og árangur að leiðarljósi. Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn að viðhalda þeim góða skólabrag sem einkennt hefur starf Grunnskólans á Hellu.**



### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs til framtíðar í samræmi við skólastefnu sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu Odda bs, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagins.

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða og/eða farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð.
- Hæfni í samskiptum og metnaður til árangurs.
- Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Á Hellu búa um 900 manns og stendur Grunnskólinn á Hellu í hjarta þorpsins á einu fegursta bæjarstæði landsins við hina lygnu Ytri-Rangá. Í næsta nágrenni við grunnskólann er leikskólinn Heklukot og Tónlistarskóli Rangæinga, Íþróttamiðstöð með frábærri sundlaug, sparkvelli og leik- og útiíþróttasvæði. Á Hellu er margvísleg þjónusta og kraftmikil uppbygging m.a. hvað varðar fjölbreytt íbúðahúsnæði. Þar eru ótal möguleikar til að sinna áhugamálum og útiveru af öllu tagi. Á Hellu er gott mannlíf og þar er tekið vel á móti fólki.

Á starfssvæði byggðasamlagsins búa um 1900 íbúar en það eru sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur sem standa að Odda bs. Grunnskólinn á Hellu er heildstæður grunnskóli með um 130 nemendur. Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.grhella.is.

Gildi Grunnskólans á Hellu eru:
**Virðing - Vinátta - Víðsýni**

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst næstkomandi eða fyrr eftir samkomulagi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samninganefndar sveitarfélaga (SNS) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ). Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri byggðasamlagsins Odda bs.

**Umsóknarfrestur er til 8. apríl nk.** Umsóknum skal skila á netfangið agust@ry.is. Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýn sinni á skólamál og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri í gegnum netfangið agust@ry.is eða í síma 4887000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/ eða auglýsa stöðuna að nýju.



HÁDEGISTILBOÐ

GILDIR MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 11 TIL 14

LÍTIL PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM
Á AÐEINS 1099 KRÓNUR!

SKALLI SELFOSSI
Sá svalasti í bænum
AUSTURVEGUR 46
800 SELFOSS
SÍMI: 483-1111



*Hópurinn í júdóæfingabúðunum samanstóð af krökkum úr júdódeild Umf. Selfoss, Pardusum á Blönduósi og júdódeild Tindastóls, alls á sjötta tug ungmenna.*

# Frábær ferð júdófólks í Skagafjörðinn

## Þakkir til heimamanna fyrir móttökurnar

„Það er kalt og bjart eins og á himnum,“ sagði gamla konan, og ugglaust hefur hún ályktað svo útfrá því að það væri öndvert í neðra. Þessi veðurlýsing átti vel við snemma að morgni laugardagsins 9. mars sl. þegar um 50 manna hópur júdófólks úr Umf. Selfoss ásamt forráðamönnum stigu upp í græna rútu frá Guðmundi Tyrfings á leið sinni norður á Sauðárkrók. Erindið var sameiginleg æfing júdóiðkenda á aldrinum 6 til 15 ára úr deildunum á Selfossi, Blönduósi og Skagafirði. Margt benti til þess að ferðin yrði góð, veðrið lék við okkur og útsýnið stórkostlegt hvar sem ekið var.



*Það þarf bæði snerpu og útsjónarsemi í júdó og æfingarnar eru margvíslegar.*

Hópurinn var vel nestaður með hjálp bæði SS og MS (sem þakka ber fyrir hér), en gerði engu að síður smá sjoppustopp eins og vera ber á norðurleiðinni, bæði í Borgarnesi og í Hrútafirðinum. Það var svo lengra og betra stopp sem við áttum á Blönduósi, þar sem hópurinn skellti sér í sund í glæsilegri aðstöðu þeirra Húnvetninga. Áfram hélt ferðin og enn sama blíðan. Það var falleg sjón sem við blasti ofan af Vatnsskarðinu yfir Skagafjörðinn, hvítt í fjöllum niður að heiðbláum stilltum sæ. Í þetta sinn vorum við Haukdælir mættir í friðsamlegri tilgangi en fyrir þúsund árum.

Heimamenn tóku á móti okkur á tröppum íþróttahússins, þar sem fyrri æfing hópsins fór fram um miðjan dag. Var þar tekist á um stund. Að æfingu lokinni var ekið í Hús frítímans þar sem sunnanmenn skyldu gista. Þar fengu krakkarnir frábærar móttökur sjálfboðaliða úr hópi heimamanna sem voru búnir að draga fram grillin sín og úrvals lambalæri sem þeir töldu vera upprunin úr ræktun bænda þar í kring. Þetta voru einstakar viðtökur sem erfitt verður að toppa. Krakkarnir áttu svo samverustund fram á kvöld þar til lagst var til hvílu.

Morguninn eftir var æft í tæpar tvær klukkustundir, alls á sjötta tug krakka úr deildunum þremur voru á þessum æfingum. Mátti heyra á máli sumra foreldranna að þeim þætti ekki líklegt að geta leikið eftir æfingarnar sem þarna voru gerðar, slík var tæknin og snerpan í krökkunum. Að æfingu lokinni buðu Selfyssingar í pylsupartí áður en stigið var upp í rútuna til heimferðar. Gekk hún vel eins og ferðin öll, eftirminnileg og skemmtileg, og ber að þakka heimamönnum í júdódeild Tindastóls sérstaklega fyrir móttökurnar og velvild alla. Það er lag fyrir okkur hér syðra að gera jafn vel á næsta ári.

*Fyrir hönd foreldra og forráðamanna iðkenda í júdódeild Umf. Selfoss,*
*Sigmundur Sigurgeirsson*



*Iðkendurnir og fylgdarlið þeirra fékk góðar móttökur heimamanna sem grilluðu lambakjöt og útbjuggu ljúffengt meðlæti í Húsi frítímans.*

# Sunnlenski matgæðingurinn

**Matgæðingur vikunnar er Þórhildur Hjaltadóttir.**



*Þórhildur Hjaltadóttir.*

Mig langar að þakka Kristjáni kærlega fyrir að skora á mig og hafa trú á mér aðeins með því að sjá mig matreiða í gegnum Snapchat. Maður verður að passa sig á að trúa ekki öllu sem maður sér á netinu. En það er rétt hjá honum, mér finnst betra að gefa fólki eitthvað gott að borða en eitthvað vont.

Ég á mjög erfitt með uppskriftir og er algjör dassari; hnífsoddur af þessu og aðeins meira hnífsoddur af hinu en ég ætla þó að gera mitt besta hér.

### Fordrykkur

Einn ískaldur Moscow Mule kokteill
Klakar
6 cl (eða dass) af Vodka
1 tsk. ferskur lime-safi
12 cl kaldur engiferbjór
1 lime-sneið

Klakar settir í glas. Hellið Vodkanum, lime safanum og engiferbjórnum í glasið og blandið saman. Lime-sneið sett til skrauts.

### Aðalréttur

Kjúklingabringur með sætum og fetaosti
4 kjúklingabringur
Spínat, einn poki 300-400 g
1-2 sætar kartöflur
5 hvítlauksrif í stærri kantinum
Engiferrót ca. 4-5 cm
Fetaostur í kryddlegi
Kóríander

Sætu kartöflurnar eru sneiddar niður og látnar þekja botn á eldföstu móti. Engiferrótin og hvítlaukurinn maukaður í vél eða rifinn yfir með rifjárni. Spínatið er sett yfir og 1/3 af krukkunni af fetaostinum hellt yfir. Þetta er sett inn í ofn í ca. 20 mín. við 180-200°C. Kjúklingabringurnar eru kryddaðar eftir smekk og forsteiktar ca. 85% af eldunartímanum (kjöthitamælir 72°C). Bringurnar eru settar ofan á spínatið og mótið sett aftur inn í 10 mín. eða þar til þær eru full eldaðar og þá á kjöthitamælirinn að sýna 84°C. Eldfasta mótið er tekið út og ferskum kóríander stráð yfir ef fólk fílar kóríander, sem er alls ekki allra, því annað hvort elska einstaklingar kóríander eða hata. Svona til gamans þá er talið að það sé líffræðileg ástæða fyrir því að sumum þykir kryddið smakkast eins og sápa. Gott er að bera kjúklingabringurnar fram með fersku salati og kaldri hvítlaukssósu.

### Eftirréttur

Eftirréttur þarf aldrei að vera flókinn. Góður ís frá Kjörís klikkar seint og ávextir í dós. En ef þið viljið láta líta út fyrir eitthvað annað þá er hægt að taka pönnuköku, leggja hana yfir mjólkurglas og setja inn í örbylgjuofn í ca. 1½ mín. leyfa henni svo að kólna niður. Þá eru þið komin með mjög svo glæsilega skál fyrir ísinn.

Ég ætla að skora á vinkonu mína, Valgerði Pálsdóttur að koma með næstu uppskrift. En Valgerður er mikill matgæðingur og eldar virkilega góðan mat sem yfirleitt kemur beint frá býli eða ný dreginn á land.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
**Útgefandi:** Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is. **Ritstjóri:** Örn Guðnason, sími 856 0672, orng@prentmet.is. **Blaðamaður:** Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarp@prentmet.is. **Auglýsingar:** Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

## Gáta vikunnar

*Í vörubílum ennþá er,*
*uppi timburhúsið ber,*
*Færeyingum finnst hún góð,*
*fest við staur og lokar slóð.*

*Svar við gátu í blaði 2490: SLÁTTUR.*
*2. lína: túnsláttur (heyskapartími)*



**Hagyrðingakvöld að Hótel Smyrlabjörgum laugardaginn 13. apríl 2019.**
**Nánar auglýst síðar.**
*Félag Harmonikkuunnenda, Hornafirði.*

# NÝ & STÆRRI VERSLUN

## Fjölmörg opnunartilboð um helgina

### Skapandi vörur fyrir börnin, aukum samveru og minnkum skjátíma




**Hama perlur, 30.000 stk.**
Verð með afslætti: **3.589**
Verð áður: 5.979




**Barnaleir, 4 í pakka**
Verð með afslætti: **779**
Verð áður: 1.299




**Lego, þríhjól Hemma**
Verð með afslætti: **2.232**
Verð áður: 2.790




**Draugalestin**
Verð með afslætti: **3.179**
Verð áður: 5.299



**Djeco læknataska**
Verð með afslætti: **2.799**
Verð áður: 3.999



**Faber Castell tússlitir**
Verð með afslætti: **1.499**
Verð áður: 2.499

### Fermingargjafir



**Hnattlíkan, gyllt**
Verð með afslætti: **9.999**
Verð áður: 14.990



**Samsonite Uplite, 67 cm**
Verð með afslætti: **22.189**
Verð áður: 36.990

*... og fullt af fleiri tilboðum*

Verið velkomin á Austurveg 24

A4

# Þjónusta Hrunamannahrepps við eldri borgara

Eldri borgarar fá þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra. Markmið laganna er að tryggja að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagsþjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þarfir hvers og eins. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti eins lengi og unnt er búið við eðlilegt heimilislíf en sé jafnframt tryggð stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf. Helstu þættir þjónustu við aldraða er stuðningsþjónusta á vegum sveitarfélaga, heimahjúkrun á vegum heilsugæslustöðva, dagvistun, hvíldarinnlagnir og búseta í dvalar- eða hjúkrunarheimilum.

Það er á ábyrgð sveitarfélaga að sjá um að veita þjónustu inn á heimili, þar sem hinn aldraði fær aðstoð við heimilishald, persónulegt hreinlæti, félagslegan stuðning og heimsending matar.

Hrunamannahreppur rekur velferðarþjónustu í samvinnu við sex önnur sveitarfélög í Árnessýslu. Þegar aldraður einstaklingur vill sækja um þjónustu heim hefur hann samband við forstöðumann heimaþjónustu sem staðsettur er á Heilsugæslunni í Laugarási. Forstöðumaður fer í heimsókn til viðkomandi og metur þörfina á stuðningsþjónustu. Þörf fyrir stuðningsþjónustu er mjög einstaklingsbundin og er metin í hverju tilviki fyrir sig. Markmið með stuðningsþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum, við sem eðlilegastar aðstæður. Aðstoð er veitt við það sem hinn aldraði getur ekki lengur gert sjálfur. Þegar forstöðumaður og hinn aldraði í sameiningu hafa lagt mat á þjónustuþörf er gerður þjónustusamningur þar sem fram kemur hvaða verk viðkomandi þarf aðstoð við og hversu oft og lengi í senn viðkomandi þarf stuðningsþjónustu. Algengast er að veita þjónustu við almenn heimilisþrif og er sú þjónusta allajafna veitt hálfsmánaðarlega. Gjald er tekið fyrir aðstoð með þrif en önnur stuðningsþjónusta er endurgjaldslaus. Gjaldskrá er uppfærð árlega og er tekjutengd. Gjaldflokkar eru þrír (0 kr., 600 kr., 850 kr.) og miðar ákvörðun um gjaldflokk við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur.

Hrunamannahreppur býður upp á heimsendingu matar til þeirra sem eiga erfitt með að sjá um matseld. Matur frá skólamötuneyti á Flúðum, er keyrður til þeirra eldri borgara sem þurfa á því að halda og er þjónustan í boði alla virka daga í hádeginu. Greitt er 700 kr. fyrir hádegismat og 170 kr. fyrir heimsendingu.



*Skrifstofa Hrunamannahrepps Flúðum. Mynd BÁ.*




Kæru íbúar í Árborg

**Í tilefni af lífrænni flokkun í sveitarfélaginu býðst ykkur að sækja svona körfu án endurgjalds á gámasvæðið við Víkurheiði**



**Afgreiðslutími**
**Mán - lau: 13-17**
**Sun: Lokað**

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

577 5757 www.igf.is igf@igf.is


HEILSUHORN HSU

# Vökvainntaka aldraðra

### Áhættuþættir og orsakir þurrks

Það er þekkt staðreynd að eldra fólk er oft ekki duglegt að drekka vatn. Oft er það vegna þess að aldraðir finna ekki lengur fyrir þorstatilfinningu eins og við sem yngri erum. Það stafar yfirleitt af því að nýrnastarfsemi aldraðra breytist með aldrinum.

Sjúkdómar eins og heilabilunarsjúkdómar og fleiri líkamlegir sjúkdómar geta einnig haft þau áhrif að viðkomandi drekkur minna og þarf á aðstoð að halda við að ná sér í drykki til að uppfylla vökvaþörf líkamans. Auk þess geta kyngingarerfiðleikar leitt til minnkaðrar vökvainntöku.

Eldra fólk, og þá sér í lagi eldri konur, þjáist oft af talsverðum þvagleka og grípa þá stundum til þess ráðs (meðvitað eða ómeðvitað) að draga úr vökvainntöku til að minnka óþægindin af þvaglekanum.

### Einkenni og afleiðingar þurrks

Einkenni um þurrk er til dæmis munnþurrkur, hægðatregða, þurr húð, rugl eða óáttun, svimi og lækkaður blóðþrýstingur, auk þess sem þvag viðkomandi verður dökkt að lit og með sterka lykt. Aldraðir sem drekka ekki nóg fá oft þvagfærasýkingar. Veikindi eins og niðurgangur eða uppköst auka einnig hættuna á þurrki, því er mikilvægt að reyna að halda vökva að þeim sem eru með umgangspestir. Þetta gildir að sjálfsögðu líka um aðra aldurshópa en aldraðir eru sérstaklega viðkvæmir.



*Bjarnheiður Hauksdóttir, hjúkrunarfræðingur.*

### Hvernig má koma í veg fyrir þurrk

Oftast er hjálplegt að hvetja einstaklinginn eins og hægt er og bjóða honum reglulega aðstoð eða gefa honum reglulega að drekka vatn eða aðra vökva (t.d. te, aðra heita drykki eða safa einhvers konar). Ef hætta er á að einstaklingur drekki ekki nóg þá er gott að halda skráningu yfir vökvamagn sem drukkið er yfir sólarhringinn. Athugið að reyna að hafa alltaf vatn eða aðra drykki staðsetta þannig að einstaklingurinn nái í þá hjálparlaust. Ef viðkomandi á erfitt með að kyngja er gott að nota þykkingarefni sem hægt er að fá í apótekum. Mörgum finnst líka auðveldara að drekka í gegnum rör.

Við Íslendingar erum svo heppnir að hafa góðan aðgang að hreinu, fersku vatni. Munum að nýta okkur það á hverjum degi!

*F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Bjarnheiður Hauksdóttir, hjúkrunarfræðingur á Fossheimum og Ljósheimum.*

# Slökkviliðsmenn BÁ æfa reykköfun



*Slökkviliðsmenn Brunavarna Árnessýslu eru iðnir við æfingar. Í febrúar var reykköfun meðal þess sem æft var. Notast var við sérstakan gám þar sem slökkviliðsmenn æfðu sig meðal annars að brjótast gegnum stálhurð í logandi hita og reyk við mjög raunverulegar aðstæður, en slíkt nýtist vel á raunverulegum vettvangi þegar á þarf að halda.*

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR

## Nánari upplýsingar á skrifstofu Árborga
## 482 4800 / arborgir@arborgir.is



### Álalækur 10
**30.900.000**

Ný 75 fm 3ja herbergja íbúð, vönduð gólfefni og tæki. Laus við kaupsamning!



### Ástjörn 5
**26.900.000**

69 fm 3ja herbergja íbúð í steyptri blokk. Góð fyrstu kaup.



### Austurvegur 51
**40.900.000**

79,5 fm 3ja herbergja íbúð í nýju fjölbýli 55 ára og eldri. Stæði í bílakjallara. Glersvalalokun á verönd.



### Móhella 16
**42.900.000**

150 fm 4ra herbergja raðhús með bílskúr. 3 svefnherbergi og rúmgott alrými.



### Urðartjörn 1
**44.900.000**

153,4 fm 4ra herbergja endaraðhús í grónu og eftirsóttu hverfi á Selfossi. Steypt hús gróinn garður.



### Grenigrund 36
**43.900.000**

123 fm 3ja herbergja steniklætt parhús á rólegum stað miðsvæðis á Selfossi. Skjólpallur og heitur pottur.




3+4 ÁBYRGÐ 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

HYBRID

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Starfsmaður óskast

Óskum eftir að ráða starfsmann til að sinna þrifum á sumarhúsum í litlum sumarhúsakjarna í Grímsnesinu. Vinnutími ca. 12 - 16 á virkum dögum og einnig aðra hverja helgi.

Frekari upplýsingar í síma 770 7900 eða með vefpósti á ari.sig@3c.is



## Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2019

Flokkstjóra vantar í sumarvinnu unglinga og umhirðu opinna svæða. Lágmarksaldur er 18 ár. Starfstími er frá 20. maí til 31. júlí. Starfssvæðið er á Laugarvatni, Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk. og skulu umsóknir berast á skrifstofu Bláskógabyggðar eða á netfangið bjarni@blaskogabyggd.is, merktar Vinnuskóli Bláskógabyggðar.

Upplýsingar gefur Bjarni í síma 860 4440.

Framkvæmda- og veitusvið Bláskógabyggðar


†



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar elskulegrar dóttur minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**Ólafíu Guðrúnar Halldórsdóttur**
Gráhellu 61

**Matthildur Zophoníasdóttir**
**Halldór Davíð Sigurðsson** **Sandra Guðmundsdóttir**
**Ævar Sigurðsson** **Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir**
**Arnar Þór Sigurðsson** **Sólrún Þórðardóttir**
**og barnabörn.**

†



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar elskulegrar dóttur minnar, systur, mágkonu og frænku,

**Kristínar Hildar Ólafíudóttur Pálsdóttur**
Gráhellu 61

**Páll Þór Engilbjartsson**
**Páll Heiðar Pálsson** **Hafdís Sveinbjörnsdóttir**
**Halldór Davíð Sigurðsson** **Sandra Guðmundsdóttir**
**Ævar Sigurðsson** **Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir**
**Arnar Þór Sigurðsson** **Sólrún Þórðardóttir**
**systkinabörn,**
**Aron Kristinn Lýðsson.**

# Randver



Við höfum nú á boðstólum afar fallegt garn úr vottaðri endurunninni ull í nokkrum fallegum litum og með tweed áferð. Hér er uppskrift fyrir leikskólabörn úr þessu einstaka hráefni.

Efni blátt 2 hespur, rautt 1 – 1 – 2 hespur og grænt 1 hespa.

Prjónar nr. 3 sokkaprjónar og hringprjónar 40 og 60 sm og nr. 3,5 sokkaprjónar og hringprjónar 40 og 60 sm. Prjónamerki.

Stærðir: 2 – 4 – 6 ára.
Vídd á bol: 65 – 69 – 73 sm
Sídd á bol: 22 – 25 – 28 sm
Ermalengd: 26 – 29 – 32 sm

**Bolur:**
Fitjið upp með bláu 144 – 152 - 160 l á prj no 3. Prjónið brugðning 2 sl og 2 br 12 – 14 – 16 umf.

Skiptið yfir í prj no 3,5 og prj slétt þar til bolur mælist 11 sm. Prj eina umf með rauðu, 3 umf með bláu, 1 umf með rauðu og 2 umf með bláu og síðan áfram með rauðu 8 sm. Prj eina umf með grænu, 3 umf með rauðu, 1 umf með grænu og 2 umf með rauðu og síðan áfram með grænu 8 sm. (Athugið að í þessari grænu rönd bætast ermarnar við.) Þegar bolur mælist 22 – 25 – 28 sm eru 10 l í hvorri hlið settar á geymsluprjóna og eru þá 62 – 66 – 70 l á hvorum bolhluta.

**Ermar:**
Fitjið upp með bláu 36 – 36 – 40 l á prj no 3 og prj brugning eins og á bol. Skiptið yfir á prj no 3,5 og aukið út á miðri undirermi um 2 l í 5. hverri umf. Þegar ermi mælist 15 sm eru samskonar litaskipti og á bol, ein umf með rauðu, 3 umf með bláu, 1 umf með rauðu og 2 umf með bláu og síðan áfram með rauðu 8 sm. Prj eina umf með grænu, 3 umf með rauðu, 1 umf með grænu og 2 umf með rauðu og síðan áfram með grænu. Þegar 60 - 64 – 68 l eru á prj eru aukningu hætt en prj áfram þar til ermi mælist 26 – 29 – 32 sm eða þar sem litasamsetning er á sama stað og á bol. Setjið 10 l á miðri undirermi á geymsluprjón og prjónið ermi við bol. Prj áfram að næsta ermagati og prjónið hina ermina eins. Prjónið hana við bol og klárið umferðina. Setjið prjónamerki við öll fjögur samskeitin milli erma og bols.

**Laskaúrtaka:**
Nú eiga að vera 224 – 240 – 256 l á prjóninum. Takið 2 l óprj fram af prjóninum, prj næstu og steypið þeim óprj yfir (þá hafa 3 l verið prjónaðar saman í eina og sú í miðjunni á að liggja yfir og snúa fram. Við köllum hana H). Prj þar til 3 l eru eftir að næsta prjónamerki og endurtakið úrtökuna. Prj.w að næsta prjónamerki og endurtakið úrtökuna og að lokum næst þegar 3 l eru eftir að prjónamerkinu. Hér eftir er úrtakan gerð í annarri hverri umf í hvert sinn sem 1 l er að H. Litaskipti eru gerð þegar græna umf er 8 sm. Prj eina umf með bláu, 3 umf með grænu, 1 umf með bláu og 2 umf með grænu og síðan áfram með bláu. Prj áfram þar til 88 – 96 – 104 l eru á prjóninum.

Nú eru prjónaðar nokkrar umf með styttum umferðum til að hækka bakstykkið. Setjið prjónamerki hér til að merkja hvar umf byrjar. Takið næstu l sem er H óprj og snúið við þannið að garnið fari utan um hana. Takið fyrstu l óprj og prj síðan áfram br. Þegar komið er að næstu H l er snúið við á sama hátt og síðast og prj áfram sl. Þegar komið er að fyrsta viðsnúningi er lykkjan og lausa bandið sem er utan um hana prjónaðar saman og svo er haldið áfram að næsta H. Þar er snúið við á sama hátt og áður og prjónað br að síðasta viðsnúningi og sú l prjónuð eins og áður með lausu lykkjunni og síðan prjónað að næsta H. Aftur er snúið við á sama hátt og áður og enn er síðasta viðsnúna l prjónuð með lausu lykkjunni og haldið áfram 10 l og þar snúið við eins og áður (framan á hálsmáli). Prj til baka á sama hátt og áður og eftir að prjónað hefur verið yfir síðasta viðsnúning eru prj 10 l og snúið við á sama hátt. Prj slétt að enda umferðar. Skiptið yfir á prj no 3 og prj brugning eins og áður og þegar hann er hæfilega hár fyrir hálsmálið er fellt laust af.

Gangið frá endum og lykkið saman í handvegum. Þvoið peysuna í volgu sápuvatni og leggið til þerris.

*Hönnun: Alda Sigurðardóttir*

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

# Menningarstyrkur Flóahrepps



*Þingborg í Flóahreppi*

Flóahreppur hefur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2018 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi. Í reglunum segir að styrkupphæð sé samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkir séu veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja: Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi. Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi. Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur. Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis. Að umsókn fylgi ósk um styrkupphæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs. Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum að fengnu áliti menningarnefndar Flóahrepps. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum. Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri. Umsóknir ásamt fylgigögnum, berist Flóahreppi, Þingborg, 801 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt „menningarstyrkur".

# Nemendur í afbrotafræði fóru í fræðsluferð

Í síðustu viku fóru þriðja árs nemar í áfanganum Afbrotafræði í Menntaskólanum að Laugarvatni í fræðsluferð í Háskóla Íslands. Þar fengu þau að hlýða á nokkra fyrirlestra á kynjafræðimálþingi. Má þar nefna sjúk ást; þar sem Steinunn Gyða verkefnastýra hjá Stígamótum fjallaði um mörk óheilbrigðra og heilbrigðra samskipta og vitni í eigin máli; þar sem Hildur Fjóla doktorsnemi í réttarfélagsfræði sagði frá rannsókn sinni á upplifun þolenda kynferðisbrota af lagalegri stöðu sinni og réttindum. Þetta var virkilega fræðandi og átti vel við í námi krakkanna. Áður en þangað var haldið var stoppað á Grillhúsinu og góður matur borðaður.



# Heilsueflandi samfélag í Árborg

HEILSUEFLANDI samfélag vellíðan fyrir alla

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum sem haldinn var 15. mars sl. að skipa stýrihóp Sveitarfélagsins Árborgar um verkefnið Heilsueflandi samfélag. Fulltrúar í hópnum eru eftirfarandi: Guðmundur Kr. Jónsson, fulltrúi íþrótta- og menningarnefndar, eldri borgari, Páll Sveinsson, fulltrúi úr grunnskólum Árborgar, Ásrún Aldís Hreinsdóttir, fulltrúi úr Ungmennaráði, Díana Gestsdóttir, fulltrúi búsett á Selfossi og tengd heilseflandi leikskólum og Esther Guðmundsdóttir, fulltrúi búsettur á Eyrarbakka. Bragi Bjarnason verður starfsmaður hópsins.

---

✝



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug
og stuðning vegna andláts og útfarar
ástkærrar eiginkonu minnar, móður,
tengdamóður, dóttur, systur og ömmu,

**Guðrúnar Guðmundsdóttur**

**Óskar Marelsson**
**Sveinn Viðar Hjartarson**
**Kolbrún Eir Óskarsdóttir** **Arnar Guðmundsson**
**Arnar Freyr Óskarsson**
**Valgerður Jónsdóttir**
**Auðbjörg Guðmundsdóttir**

**systkini og barnabörn**

---

✝



Móðir okkar,

**Árný Anna Guðmundsdóttir**
frá Másstöðum, Innri Akraneshrepp

sem lést á Sjúkrahúsi Akraness 10. mars.
verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju
föstudaginn 22. mars kl. 14:00.

**Guðmundur Eggert Björnsson**
**Þorgrímur Rúnar Kristinsson**
**Hafsteinn Heiðar Kristinsson**
**Herman Þór Kristinsson**
**Ólína Björk Krstinsdóttir**
**Guðlaugur Magni Davíðsson**
**Davíð Jóhann Davíðsson**

**ásamt mökum og afkomendum.**

---

SSK

Orlof húsmæðra í Árnes- og Rángárvallasýslu

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf.

**Ferðin verður 4. – 9. október 2019**
Ákveðið hefur verið að halda aftur til í Borgarnesi. Farið verður í tvær ferðir meðan á dvöl stendur á Snæfellsnes og Akranes.

**Pantanir berist til:**
Sigurrós Helga Ólafsdóttir sími 868 3160
netfang: sillasho@gmail.com

Þórunn Ragnarsdóttir sími 487 5922 og 892 5923
netfang: thorunnreidholt@gmail.com

Nánar auglýst síðar.
Orlofsnefnd SSK í Árnes- og Rangárvallasýslu.

# íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

## Súrt tap í síðasta heimaleiknum

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar töpuðu gegn Eyjastúlkum með níu mörkum, 19-28, þegar liðin mættust í Olísdeildinni á laugardag í síðasta heimaleik stelpnanna í deildinni í vetur.

ÍBV byrjaði leikinn betur og komst 1-4, Selfoss átti góðan kafla og náði forystu. Eyjastúlkur sigu aftur fram úr upp úr miðjum seinni hálfleiks og var staðan í hálfleik 9-14, ÍBV í vil. Þær héldu uppteknum hætti í byrjun seinni hálfleik og náðu mest 12 marka forskoti eftir um 50 mínútna leik. Selfoss náði að saxa það forskot aðeins niður undir lokin en lokatölur urðu 19-28.

Mörk Selfoss: Hrafnhildur Hanna 5/4, Sarah 4, Perla Ruth og Harpa Sólveig 3, Ída Bjarklind 2 og Tinna Sigurrós 1. Katrín Ósk varði 5 skot og Þórdís Erla 2.



*Harpa Sólveig átti fínan leik gegn ÍBV með þrjú mörk og fimm brotin fríköst. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE.*

Stelpurnar eru því fallnar niður í Grill 66-deildina þar sem þær geta ekki náð HK að stigum nú þegar tvær umferðir eru eftir. Selfoss situr í botnsætinu með 4 stig en HK er þar fyrir ofan með 9 stig.

Nú kemur hlé á Olísdeild kvenna og næsti leikur er ekki fyrr en laugardaginn 30. mars á útivelli gegn Stjörnunni.






## Alexander Adam æfði við toppaðstæður á Ítalíu

**MÓTOKROSS** Í byrjun febrúar dvaldi Selfyssingurinn Alexander Adam Kuc í æfingabúðum á Sardiníu á Ítalíu. Hann æfði þar með fremstu mótokrossmönnum Póllands. Alexander Adam er að undirbúa sig fyrir Íslandsmótið í sumar þar sem hann stefnir að góðum árangri.



*Alexander Adam átti góða daga á Sardiníu. Ljósmyndir frá foreldrum Umf. Selfoss.*




*Katrín Ósk var frábær í markinu gegn Fram. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG.*

## Grátlegt tap gegn Íslandsmeisturunum

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar töpuðu gegn Íslandsmeisturum Fram í Safamýrinni í Olísdeildinni í seinustu viku 25-24 eftir háspennu lokamínútur.

Í upphafi leiks stimplaði Selfossliðið sig inn snemma og náði 1-3 forustu. Eftir það skiptust liðin á að halda forystu, en þó munaði aldrei meira en einu marki. Selfoss voru að spila góðan varnarleik og vel sem lið, þó er hægt að tala um að Katrín Ósk átti frábæran fyrri hálfleik og varði mjög vel, þar á meðal nokkur dauðafæri. Liðin gengu til búningsklefa í hálfleik í stöðunni 12-12.

Í seinni hálfleik komu stelpurnar okkar aftur mjög ákveðnar inn í leikinn og skoruðu þrjú fyrstu mörkin og héldu áfram að þjarma að liði Fram þar til staðan var orðin 14-17. Þá settu Framstelpur aukinn kraft í varnarleik sinn og náðu að jafna 17-17. Síðari helmingur hálfleiksins var keimlíkur fyrri hálfleik. Liðin skiptust á að vera með forystu og aftur munaði aldrei meira en einu marki. Selfoss jafnaði leikinn, 24-24, 14 sekúndum fyrir leikslok. Þá tók Fram leikhlé og teiknuðu lokasóknina upp. Hún gekk upp og skoruðu Frammarar sigurmarkið tveimur sekúndum áður en flautan gall. Grátlegt tap staðreynd.

Mörk Selfoss: Kristrún 5, Harpa Sólveig, Tinna Sigurrós og Perla Ruth 4, Ída Bjarklind 3, Hulda Dís og Sarah 2. Katrín Ósk varði 14 skot.

### Seinustu aðalfundir deilda

Í kvöld, miðvikudaginn 20. mars, kl. 20:00 fer aðalfundur handknattleiksdeildar Selfoss fram í Tíbrá og á morgun, fimmtudag, fer aðalfundur mótokrossdeildar Selfoss fram á sama stað. Aðalfundur Umf. Selfoss fer fram í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss að Engjavegi 50 fimmtudaginn 4. apríl kl. 20:00.

UMF SELFOSS 1936

Bætingamót í Kaplakrika:

## Fjóla Signý og Dagur Fannar kepptu í fjölþraut

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Dagana 9. og 10. mars sl. fór fram bætingamót í Kaplakrika, svokallað Lenovomót FH. Keppt var meðal annars í fimmtarþraut kvenna og sjöþraut karla. Selfoss átti tvo keppendur á mótinu, þau Fjólu Signýju Hannesdóttur og Dag Fannar Einarsson sem bæði eru í hörkuformi þessa dagana. Fjóla Signý varð önnur í fimmtarþrautinni með 3.584 stig sem er annar besti árangur Íslendings í ár. María Rún Gunnlaugsdóttir FH sigraði, en hún varð á dögunum Íslandsmeistari í fimmtarþraut. Fjóla bætti sig m.a. í langstökki innanhúss er hún stökk 5,35 m og svo varð hún alveg við



*Fjóla Signý Hannesdóttir.*



*Dagur Fannar Einarsson.*

sitt besta í 60 m grind er hún kom í mark á 9,04 sek. árangur hennar í öðrum greinum þrautarinnar var eftirfarandi. Kúluvarp 9,28 m, hástökk 1,65 m og 800 m hlaup á 2:25,67 mín.

Dagur Fannar átti góða þraut þar sem hann varð þriðji og bætti sig m.a. í 1.000 m hlaupi þegar hann kom fyrstur í mark á 2:44,82 mín., sem er HSK-met í 16-17, 18–19 og 20–22 ára flokkum, en hann átti sjálfur metin í þessum flokkum. Í 60 m hlaupi var Dagur nálægt sínu besta er hann kom í mark á 7,49 mín. Annar árangur Dags var eftirfarandi: langstökk 6,06 m, kúluvarp 9,83 m, hástökk 1,75 m, 60 m grindahlaup 9,41 sek. og stangarstökk 3,11 m. Heildarstigafjöldi hjá honum var 4.239 stig sem er HSK-met með karlaáhöldum í tveimur aldursflokkum, 18–19 ára og 20–22 ára. Flott mót hjá þeim Fjólu og Degi og verður gaman að fylgjast með þeim í keppnum sumarsins. óg/eo



## Strákarnir áfram í efstu deild

**HANDBOLTI** *Strákarnir á yngra ári í fjórða flokki kepptu á móti hjá KR um seinustu helgi. Þeir unnu tvo leiki og töpuðu tveimur sem þýðir að þeir halda sæti sínu í efstu deild Íslandsmósins. Þórir Ólafsson gefur þeim hér góð ráð að loknum sigurleik gegn Víkingi. Ljósmynd frá foreldrum Umf. Selfoss.*

# Fyrsta þing HSK í miðri viku tókst vel

Um 120 manns mættu á héraðsþing HSK sem haldið var á Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 14. mars sl. Þetta var í fyrsta skipti í sögu sambandsins sem þingið fer fram í miðri viku. Þessi breyting þótti takast vel og líklegt má telja að þing sambandsins verði framvegis haldin seinni part dags á virkum degi.

Stjórn HSK lagði fram 17 tillögur og voru þær allar samþykktar, en nokkrum þeirra var breytt í meðförum þingsins. Þinggerð er væntanleg frá riturum og verður hún birt á vef HSK á næstu dögum.

Engar breytingar urðu á stjórn sambandsins, en allir stjórnar- og varastjórnarmenn gáfu kost á sér áfram.

HSK veitti nokkur sérverðlaun á þinginu, líkt og undanfarin ár. Umf. Þjótandi hlaut unglingabikar HSK, Umf. Hrunamanna fékk foreldrastarfsbikarinn og þá var Marteinn Sigurgeirsson valinn öðlingur ársins.

Vefútgáfu ársskýrslunnar má sjá á www.hsk.is. eo



*Þingfulltrúar á HSK-þingi að Laugalandi. Mynd: EO.*

# Íþróttakona og íþróttakarl HSK útnefnd í fyrsta sinn

Tilkynnt var um val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK í fyrsta sinn á héraðsþingi HSK, en reglugerð um kjörið var breytt á þingi 2018. Það voru þau Dagný María Pétursdóttir, taekwondokona og Elvar Örn Jónsson, handknattleiksmaður, bæði úr Umf. Selfoss sem voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarl HSK árið 2018.

Dagný María vann til gullverðlauna á Norðurlandamótinu 2018 og vann einnig til gullverðlauna á Nurtzi Open í Finnlandi. Hún er ein af sterkustu taekwondokonum landsins.

Elvar Örn er lykilleikmaður í toppliði Selfoss í Olísdeild karla í handbolta. Liðið náði sínum besta árangri í deildarkeppni árið 2018, lék í undanúrslitum Íslandsmótsins og náði eftirtektarverðum árangri í Evrópukeppni. Elvar Örn hefur stimplað sig inn sem A-landsliðsmaður og var valinn besti leikmaður Olísdeildarinnar.

Guðmundur Kr. Jónsson, heiðursformaður HSK og afi Elvars afhenti verðlaunin með Guðríði formanni, en Guðmundur Kr. var kosinn íþróttamaður HSK árin 1965 og 1966.



*Elvar og Daníel Jens bróðir Dagnýar. Dagný er við nám erlendis og gat ekki tekið við bikarnum. Mynd: EO*

# Heiðranir á héraðsþingi Skarphéðins

Á héraðsþinginu á Laugalandi voru nokkrir einstaklingar af sambandssvæði HSK heiðraðir fyrir þeirra störf fyrir hreyfinguna.

Guðríður Aadnegard formaður HSK veitti, f.h. stjórnar HSK, eitt gullmerki og tvö silfurmerki. Guðni Guðmundsson, Umf. Ingólfi og Íþf. Garpi, var sæmdur gullmerki HSK og Gissur Jónsson, Umf. Selfoss og Haraldur Gísli Kristjánsson, Íþf. Garpi, voru sæmdir silfurmerki HSK.

Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna, var sæmd heiðurskrossi Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Það var Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður í ÍSÍ, sem afhenti Valgerði viðurkenninguna. Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda, fékk einnig viðurkenningu frá ÍSÍ en hún var sæmd silfurmerki sambandsins.

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, var sæmd gullmerki Ungmennafélags Íslands. Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, afhenti viðurkenninguna fyrir hönd stjórnar UMFÍ. Þrír einstaklingar fengu starfsmerki UMFÍ þau Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Umf. Selfoss, Jóhanna Hlöðversdóttir, Íþf. Garpi og Guðmann Óskar Magnússon, Íþf. Dímoni.



*Örn Guðnason afhenti Jóhönnu Hlöðversdóttur, Sigríði Önnu Guðjónsdóttur og Guðmanni Óskari Magnússyni starfsmerki UMFÍ.*



*Guðríður Aadnegard og Guðmundur Kr. Jónsson afhentu Guðna Guðmundssyni gullmerki HSK.*



*Guðríður Aadnegard og Guðmundur Kr. Jónsson afhentu Haraldi Gísla Kristjánssyni og Gissuri Jónssyni gullmerki HSK.*



*Hafsteinn Pálsson afhenti Guðmundu Ólafsdóttur silfurmerki ÍSÍ.*



*Örn Guðnason sæmdi Guðríði Aadnegard gullmerki UMFÍ.*



*Hafsteinn Pálsson sæmdi Valgerði Auðunsdóttur heiðurskrossi ÍSÍ.*





TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

**Tvennir deildartónleikar í mars**

í sal Tónlistarskóla Árnesinga, Eyravegi 9 á Selfossi

**Miðdeildartónleikar**

*mánudaginn 25. mars kl. 19:30*

**Framhaldsdeildartónleikar**

*þriðjudaginn 26. mars kl. 20:00*

Metnaðarfullir og fjölbreyttir tónleikar.
Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



**Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu auglýsir laust starf talmeinafræðings**

Starf talmeinafræðings við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu á Hvolsvelli er laust til umsóknar. Um er að ræða 50% starf sem ráðið verður í frá og með 1. ágúst nk.

**Helstu verkefni:**
- Greiningar á tal- og málvanda og mat á málþroska leik- og grunnskólabarna á starfssvæði skólaþjónustunnar.
- Mál- og talþjálfun í kjölfar greininga.
- Ráðgjöf við foreldra og starfsfólk skólanna.
- Þverfaglegt samstarf við aðra sérfræðinga stofnunarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Fullgilt nám í talmeinafræðum frá viðurkenndum háskóla.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð hæfni og lipurð í samskiptum við börn og fullorðna.
- Jákvæðni, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Við skólaþjónustuna starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi og samanstendur auk talmeinafræðings af kennsluráðgjafa, leikskólaráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl nk.** Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið *skolamal@skolamal.is*, eða í pósti á skrifstofu Skólaþjónustunnar að *Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli*. Umsóknum skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf og ábendingar um meðmælendur.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

*Nánari upplýsingar veitir Edda G. Antonsdóttir forstöðumaður Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 487 8107 / 862 7522.*

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing

**um deiliskipulagstillögu fyrir Grænuvelli og nágrenni á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.**

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Grænuvalla og nágrennis

Deiliskipulagstillagan nær yfir Árveg 2-10, Fagurgerði 1-9, Grænuvelli 1-8a, Hörðuvelli 2-6 og Austurveg 25-35.

Fyrirhugað skipulagssvæði afmarkast af Austurvegi til suðurs, Fagurgerði til vesturs, Árvegi til norðurs og Hörðuvöllum til austurs. Skipulagssvæðið er alls um 3,2 ha að flatarmáli.

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 er meirihluti skipulagssvæðisins, sem hér um ræðir, skilgreindur sem íbúðarsvæði. Suðurhlutinn, meðfram Austurvegi, er skilgreindur sem miðsvæði. Samkvæmt aðalskipulaginu er lögð áhersla á þéttingu íbúðabyggðar í eldri hluta Selfoss og möguleikar á þéttingu byggðar taldir töluverðir í og við miðbæinn, beggja vegna Austurvegar.

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að skýra kvaðir og heimildir á byggðum og óbyggðum lóðum á skipulagssvæðinu.
Með deiliskipulaginu er gerð breyting á lóðunum Grænuvellir 8 og 8b. Lóðin sem stendur nær götunni Grænuvöllum verður íbúðarlóð, nr. 8 og sú sem fjær stendur, nr. 8a verður ætluð fyrir bílastæði. Á þeirri lóð verður ekki byggingarréttur. Einnig er gerð sú breyting á lóðinni Hörðuvellir 2 að hún skiptist í tvær lóðir, Hörðuvelli 2 og Árveg 10.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá 21. mars 2019 til og með 2. maí 2019. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 2. maí 2019 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið bardur@arborg.is.

Virðingarfyllst,

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi.

# *Lengi vel sofnaði ég við það eitt að opna bók*

### *- segir lestrarhesturinn Gunnar Trausti Daðason*

Gunnar Trausti Daðason er fæddur og uppalinn á Hólmavík en býr í Þorlákshöfn og starfar við pípulagnir í Reykjavík. Hann er kvæntur Guðrúnu Margréti Jökulsdóttur og sameiginlega eiga þau fjögur börn og eitt barnabarn, tvö börn frá fyrra sambandi Guðrúnar, Stein Inga og Ingibjörgu Erlu og svo Kristínu Lilju og Írisi Jökulrós. Barnabarnið er Ásdís Jökla og er Steinsdóttir.

**Hvaða bók ertu að lesa núna?**
Í dag er ég að lesa *Herdeild hinna fordæmdu* eftir Sven Hassel. Arnar bróðir minn benti mér á þessa spennusögu fyrir mörgum árum og hefur hún verið á meðal nokkurra bóka sem ég gríp reglulega.

**Hvernig bækur höfða helst til þín?**
Reyndar hef ég nú ekki velt því mikið fyrir mér. En kannski má lýsa því þannig að ef ég kemst í gegnum fyrsta kaflann án þess að fá leið á henni, þá klára ég bókina. Ég held mikið upp á gamlar klassískar fásagnir og verða *Íslendingasögurnar* alltaf í sérlegu uppáhaldi hjá mér. Það er líka gaman og fróðlegt að grufla í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar*.

BÓKABÆIRNIR AUSTANFJALLS



*Gunnar Trausti Daðason..*

**Ertu alinn upp við lestur bóka?**
Ég minnist þess ekki að það hafi verið lesið fyrir mig þó sjálfsagt hafi það verið gert. Ég man vel eftir bókum á náttborðum mömmu og pabba og eldri systkinum mínum. Sjálfur las ég sem barn mest hasarblöð og auðvitað *Andrés önd* blöðin og svo allar teiknimyndasögurnar sem komu út á þeim árum. *Tinnabækurnar*, *Samma*, *Sval og Val*, *Lukku Láka* og *Viggó viðutan* svo eitthvað sé nefnt. Sjálfsagt má segja að þetta sé uppeldi mitt í bóklestri.

**En hvernig eru lestrarvenjur þínar?**
Ég les mest á kvöldin og þá í svartasta skammdeginu. Einhvern veginn finn ég ekki þörfina til að lesa bækur í birtunni á sumrin.

**Áttu þér uppáhaldshöfund?**
Það eru bara höfundar *Íslendingasagnanna* ef þeir þá voru til. *Njálu*, *Egils sögu*, *Grettis sögu* og flestra ef ekki allra *Íslendingasagna* sem voru fyrst hafðar í munnmælum en seinna skrifaðar á skinn. Allar þær sögur eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Svo get ég líka nefnt höfunda eins og Sven Hassel sem er skemmtilegur og Jaroslav Hašek sem er algjör snillingur. *Góði dátinn Sveijk* er algjört meistaraverk. Hašek lést ungur maður úr berklum ef ég man rétt og náði ekki að ljúka bókinni. En það sem mér þykir svo merkilegt er að saga *Góða dátans* hefði alveg getað endað þar sem hún endaði í bókinni. Vinur hans tók við verkinu og kláraði það en ég man ekki hvað hann hét.

**Hefur bók rænt mig svefni ?**
Já heldur betur og líka vöku. Lengi var það nú þannig að ég sofnaði við það eitt að opna bók. En undanfarin tuttugu ár eða svo hefur þetta snúist við og núna þarf ég virkilega að passa mig að hætta lestri tímanlega svo ég fái einhvern svefn. Ég er hins vegar svo heppinn að konan mín skammar mig alltaf fyrir svefninn því hún þolir illa ljósið frá lampanum auk þess sem hún hefur vanist hrotunum í mér og á erfitt með svefn þegar þær vantar.

**Hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?**
Ef myndi trúlega skrifa í anda *Góða dátans* og *Íslendingasagnanna*. Það held ég að yrði bók sem væri bleksins virði og jafnvel pappírsins líka.

# Umhverfisfræði á faraldsfæti

Nemendur 1.N og 1.F fóru í fræðsluferð á dögunum til höfuðborgarsvæðisins og kynntu sér sorp- og endurvinnslumál.

Í Gámaþjónustunni tóku á móti okkur starfsmenn sem vita allt um sorp. Við ókum í gegnum gámasvæðið hjá þeim, inn í risastóra skemmu og sáum hvernig allt ferlið við endurvinnslu fer fram. Magnað var að sjá alla staflana af flokkuðu plasti og pappír út um allt sem og að kynna sér þvílíka magnið af moltu sem unnin er á vegum Gámaþjónustunnar. Mikill metnaður var hjá starfsfólki Gámaþjónustunnar um að fræða okkur sem mest og best um allt er sneri að flokkun á sorpi – eða hráefni eins og þeir kjósa að kalla það, því mikið af sorpi er hægt að selja í frekari endurvinnslu í erlendum endurvinnslustöðvum.

Næsta stopp var í Furu. Þar eru vörubretti hökkuð og búin til úr þeim spænir í undirburð sem nýtist í landbúnaði. Þar eru líka ónýtir bílar brytjaðir niður og efnin sem bílarnir eru gerðir úr flokkuð í sundur og seld í endurvinnslu, meðal annars til Asíu. Þessi staður var alveg magnaður, bílahakkavélin getur hakkað 42 bíla á klukkutíma og alveg sáralítið sem fer inn í hana kemur út sem sorp sem þarf að urða. Það er alveg magnað hversu mikið er hægt að endurvinna. Að lokum var stoppað í Sorpu þar sem við fengum fræðslu um það hvernig endurvinnslu er háttað hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og þar ókum við líka í gegnum flokkunarstöðina og fengum að kynnast því hvernig sorpflokkun fer fram.



*Flokkunarstöð Gámaþjónustunnar við Berghellur.*

Þessi ferð var með eindæmum fræðandi og það er virkilega gaman að koma heim með alla þessa vitneskju.

Nemendur voru sjálfum sér og skólanum til mikils sóma.

*Ragnhildur Sævarsdóttir,*
*kennari.*

# Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði um innflutning á ófrosnu kjöti

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fjallaði á fundi sínum hinn 7. apríl sl. um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvörum, en í frumvarpsdrögunum er lögð til veruleg tilslökun hvað varðar m.a. innflutning á ófrosnu kjöti.

Eftirfarandi var bókað á fundinum:

„Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að gætt verði að matvælaöryggi og lýðheilsu og hvetur til þess að farið verði í þá vegferð að láta reyna á endurskoðun þeirra ákvæða innan EES samningsins sem fjalla um innflutning á ófrystu kjöti. Ísland hefur ótvíræða sérstöðu sem eyja þar sem lítil notkun er á sýklalyfjum við eldi sláturgripa og í landbúnaði almennt. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggst gegn breytingum á reglum um innflutning og telur að hafa beri í forgangi að standa vörð um þá sérstöðu íslensks landbúnaðar sem fólgin er í lítilli lyfjanotkun. Það sé gert með því að farið sé að ráðleggingum lækna og annarra sérfræðinga sem lagst hafa gegn breytingum á reglum um innflutning, enda er útilokað að snúa til baka, verði reyndin sú að sýkingum af völdum fjölónæmra baktería fjölgi í framtíðinni. Þá er aukinn innflutningur matvæla sem hægt er að framleiða innanlands úr takti við þá áherslu sem lögð er á aukna sjálfbærni á heimsvísu í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.“

# Hátíðartónleikar í kirkjum í Rangárþingi á föstunni



*Kammerkór Rangæinga ásamt Guðjóni Halldóri Óskarssyni, stjórnanda.*

Nú fer að líða að hátíðartónleikum Kammerkórs Rangæinga í Rangárþingi á föstunni. Að þessu sinni ætlar kórinn að flytja þætti úr Messíasi eftir Georg Friedrich Händel. Tónleikarnir verða haldnir í Þykkvabæjarkirkju 27. mars kl. 20:00 og í Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð 3. apríl kl. 20:00.

Allir sem fram koma eru búsettir eða kenna í Rangárþingunum, en það eru: Þórunn Elfa Stefánsdóttir, sópran, Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, mezzosópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir, alt, Bjarni Guðmundsson, tenór, Kammerkór Rangæinga, Rut Ingólfsdóttir, fiðla og Guðjón Halldór Óskarsson, orgel og kórstjórn.

# Árshátíð Félags eldri borgara í Hveragerði

Árshátíð Félags eldri borgara í Hveragerði verður haldin í Skyrgerðinni miðvikudaginn 27. mars nk. Hátíðin hefst kl. 19:00 en húsið verður opnað kl. 18:30. Boðið verður upp á tvíréttaðan kvöldverð. Um veislustjórn sér Hjörtur Benediktsson, leikari. Páll Sigurðarson leikur á hljómborð fyrir söng og dansi. Verð er aðeins 6.000 krónur á mann og greiðist í Arion banka (reikn. nr. 52) fyrir 20. mars. Jafnframt þarf að tilkynna þátttöku fyrir 20. mars. Þátttökulisti liggur frammi í Þorlákssetri. Einnig er hægt að skrá sig hjá Gísla í síma 862 7501.

FÉLAG ELDRI BORGARA HVERAGERÐI
FEBH


HVERAGERÐI

# Skipulagsauglýsing

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 14. mars 2019 að auglýsa tillögur að breytingum á eftirtöldum deiliskipulagsáætlunum skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Miðbæjarsvæðis.**
Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Hverasvæðinu, Bláskógum, Hverahlíð, Lystigarðinum Fossflöt, Reykjamörk, Fljótsmörk og lóðunum Breiðumörk 23 og Hveramörk 12. Breytingarsvæðið nær til lóða austan Breiðumerkur og lóðarinnar Breiðamörk 25. Í breytingunni felst m.a. stækkun á deiliskipulagssvæðinu, lokun Skólamerkur og nýir eða breyttir byggingarreitir.

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Lystigarðsins Fossflöt.**
Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Skólamörk, Breiðumörk, Reykjamörk og Varmá. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum svæðisins og nýjar gönguleiðir næst grunnskólanum.

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Vorsabæ, sunnan Suðurlandsvegar.**
Deiliskipulagssvæðið afmarkast af landinu Öxnalækur, fyrirhuguðum tengivegi, helgunarsvæði Búrfellslínu 2 og lóð skólphreinsistöðvar Hveragerðisbæjar. Í breytingunni felst m.a. stækkun athafnasvæðisins til suðvesturs, ný aðkomuleið að Öxnalæk og breytingar á legu göngu-, hjóla- og reiðstíga.
Breytingartillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og eru til sýnis frá og með þriðjudeginum 19. mars til fimmtudagsins 2. maí 2019. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðis, www.hveragerdi.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi föstudaginn 3. maí 2019, annaðhvort á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

***Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar***



# Hjúkrunarheimilið Kirkjuhvoll auglýsir eftir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum



Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar óskast til starfa á hjúkrunarheimilið Kirkjuhvol á Hvolsvelli vegna aukinnar starfsemi. Um er að ræða vaktavinnu og í boði eru þrískiptar vaktir. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Á Kirkjuhvoli eru 33 íbúar, 30 hjúkrunarrými og 3 dvalarrými. Laun hjúkrunarfræðinga eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og laun sjúkraliða eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sjúkraliðafélags Íslands.

Umsókn ásamt ferilskrá óskast send rafrænt á netfangið sey@hvolsvollur.is. Umsóknarfrestur er til 31. mars 2019.

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Unnur Eysteinsdóttir starfandi hjúkrunarforstjóri (sama netfang).

82%
Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku


DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
*samkvæmt Gallup-könnun okt.-nóv. 2018.

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

***Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.***

**Borgareyrar – Deiliskipulagstillaga**
Tillagan tekur til tveggja nýrra byggingarreita, B1 og B2. Á B1 verður heimilt að reisa 9 gistihús, hvert um sig allt að 30 $m^2$ að stærð. Á B2 er heimilt að reisa 2 gistihús, allt að 30 $m^2$ að stærð.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 20. mars 2019. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 30. apríl 2019. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

***Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru auglýstar til kynningar eftirfarandi lýsingar að deiliskipulagi á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.***

**Hvolsvöllur, skóla- og íþróttasvæði – Deiliskipulagstillaga**
Tillagan tekur til svæðis sem er um 13 ha að stærð. Svæðið afmarkast til austurs af Vallarbraut, íbúðabyggð við Njáls- og Gunnarsgerði, Norðurgarð, Öldugerði og Litlagerði og til suðurs að miðsvæði Hvolsvallar. Norðan og vestan við svæðið er óbyggt landsvæði. Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir íþrótta-, skóla- og leikskólasarfsemi. Gert er ráð fyrir að skilgreina nýja lóð fyrir 6-8 deilda leikskóla, auk byggingarreits fyrir fjölnota íþróttahús og mögulegar stækkanir á grunnskóla, sundlaugarsvæði og íþróttahúsi. Endurskilgreina á Vallarbraut m.t.t. umferðaröryggis, auk þess sem stígakerfi og bílastæði verða endurskilgreind.

**Hvolsvöllur – Deiliskipulagstillaga**
Tillagan tekur til svæðis sem er um 13 ha. að stærð og liggur norðan núverandi íbúðarsvæðis, vestan Nýbýlavegar. Svæðið sem um ræðir skiptist í 3,1 ha. íbúðarsvæði, 5,8 ha. íbúðarsvæði og 3,3 ha. opið svæði. Gert er ráð fyrir að á svæðinu rísi lágreist byggð með fjölbreyttum húsagerðum, þ.e. einbýli, par- og raðhús á einni hæð. Lögð verður áhersla á góðar göngu- og hjólaleiðir bæði innan svæðis og við aðliggjandi svæði, ásamt fjölbreyttum leik- og útivistarsvæðum. Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu frá Þjóðvegi 1 sem mun liggja norðan við hið nýja íbúðarsvæði og tengjast við Nýbýlaveg.

Ofangreindar lýsingar á deiliskipulagstillögum er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 20. mars 2019. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 23. apríl 2019. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

*F.h. Rangárþings eystra,*
*Guðmundur Úlfar Gíslason,*
*fulltrúi skipulags- og byggingarmála*

# Grænfána flaggað við FSu

Fjölbrautaskóli Suðurlands fékk nýlega afhentan grænfánann. Grænfánaverkefnið er alþjóðlegt verkefni sem miðar að því að efla umhverfisvitund nemenda, kennara og starfsmanna skóla. Landvernd hefur umsjón með verkefninu á Íslandi.

Umhverfisnefnd FSu hefur verið starfandi um lengra skeið en margan grunar. Hún hóf starf sitt í kringum árið 2016 og hefur síðan þá lagt aðaláherslu á markmið grænfánaverkefnisins.

Mikil vinna liggur að baki þessum tímamótum og fyrsta verkefni nefndarinnar var að velja þemu sem áttu að vera leiðarvísar okkar í gegnum verkefnið. Þemun sem heilluðu okkur mest voru „neysla og úrgangur“, „hnattrænt jafnrétti“ og „vistheimt“ sem eru langtímaverkefni. Unnið var markvisst að þessum verkefnum til þess að uppfylla skilyrði fyrir afhendingu grænfánans.

Starfsfólk skólans ásamt nemendum eru í sameiningu að leggja sitt að mörkum til þess að gera heiminn að betri stað þegar hann þarfnast þess mest. Það getur vissulega enginn gert allt en allir geta gert eitthvað. Mörg verkefnin geta verið krefjandi og sumar þeirra krefjast lífstílsbreytinga en nokkur dæmi um litlar breytingar sem allir geta gert eru til dæmis að kaupa minna plast, nota grænni ferðamáta og flokka.


*Skólameistari, umhverfisnefnd FSu og Ólafur Einarsson, kennari við fánann góða.*

Umhverfisnefndin mun starfa áfram af miklum krafti og er þetta stefna sem er komin til þess að vera.

Umhverfisnefnd FSu skipa Ágústa Sigurðardóttir, Ástrós Lilja Ingvadóttir, Brynhildur Ágústsdóttir, Elín Elfa Magnúsardóttir, Guðbjörg María Onnoy, Guðni Steinarr Guðjónsson, Perla Sævarsdóttir, Sandra Lilja Björgvinsdóttir og Sigdís Erla Ragnarsdóttir. Kennari er Ólafur Einarsson.

# List fyrir alla – Sögur af nautum





Mánudaginn 18. mars sl. var nemendum í 1.–4. bekk í Vallaskóla á Selfossi boðið á leiksýninguna Sögur af nautum.

Á vef List fyrir alla segir um leikritið: Sögur af nautum er tónlistar-/ leiklistarbræðingur þar sem sagðar eru sögur af spænska nautinu Ferdinand og íslenska nautinu sem pissaði á eldinn í sögunni um Búkollu. Sagan af Ferdinand er sögð í gegnum tónsmíð Alan Ridout fyrir fiðlu og sögumann/leikara. Þar fær fiðluleikarinn heldur betur að spreyta sig á flóknum spænskum rythmum og fingraleikfimi og leikarinn bregður sér í hlutverk hins huglausa Ferdinands sem vill ekki vera í nautaati, heldur bara lykta af fallegum blómum og leggja sig í sólinni.

Hin sagan er af nautinu sem pissaði á eldinn í sögunni um Búkollu, en það var enginn annar en Gufunesbolinn. Bolinn er ekki sáttur með þessa útgáfu af Búkollu sem allir þekkja og telur sig vera hina sönnu hetju í sögunni.

Í verkinu koma ýmis hljóðfæri við sögu, fiðla, gítar, trompet og slagverk og tekur sýningin eina kennslustund eða um 30–40 mínútur. Sýningin var hin skemmtilegasta og voru nemendur himinlifandi með hana.

# Útboð á sorphreinsun í Sveitarfélaginu Ölfusi



Fimmtudaginn 14. febrúar sl. voru opnuð tilboð í verkið „Sorphirða í Ölfusi 2019–2024“. Alls bárust þrjú tilboð í verkið. Íslenska gámafélagið ehf. bauð 218.142.520 kr., Gámaþjónustan ehf. 223.743.898 kr. og Kubbur ehf. 167.037.669 kr. Kostnaðaráætlun Eflu var 176.241.440 kr. Kubbur ehf. var því með lægsta tilboðið eða 5% undir kostnaðaráætlun. Verðmunur hæsta og lægsta tilboðs var 32% eða tæplega 58 milljónir.

Samkvæmt fundargerð bæjarstjórnar Ölfuss frá 28. febrúar sl. stendur yfirferð á gögnum tilboðsins og tæknilegum atriðum nú yfir og eru þau leidd af Verkfræðistofunni Eflu. Þegar þeirri vinnu er lokið mun sveitarfélagið funda með Kubbi og ræða sérstaklega tæknileg atriði verksins hvað varðar til að mynda ráðstöfun endurvinnsluefnis sem Kubbur eignast við hirðuna. Bæjarstjórn fól bæjarstjóra framgang verkefnisins og að leggja frágenginn og undirritaðan samning til kynningar fyrir bæjarráð þegar forvinnu er lokið.

# Séreignarsparnaður og húsnæði - mikilvægt úrræði fellt niður



***Birgir Þórarinsson,***

*þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi.*

Að greiða niður skuldir er árangursrík leið til eignamyndunar og eiga stjórnvöld á hverjum tíma að leitast við að skapa aðstæður sem hvetja íbúðaeigendur til að greiða niður skuldir eins og kostur er. Með því að greiða inn á íbúðalán með viðbótarlífeyrissparnaði nýtur viðkomandi skattaafsláttar og mótframlags launagreiðanda auk þess sem innborgunin lækkar heildar vaxtagreiðslu og verðbætur. Hér hefur verið um mikilvægt úrræði að ræða sem felur í sér skattfrjálsa ráðstöfun séreignasparnaðar til íbúðakaupa og inn á höfuðstól húsnæðislána. Samkvæmt upplýsingum frá lífeyrissjóðum hefur þetta úrræði verið töluvert notað. Í dag nýta nokkur þúsund einstaklingar sér þetta úrræði og mánaðarlega berast á milli 300 og 400 nýjar umsóknir. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra.

Hvað íbúðakaup varðar hafa þeir sem nýtt hafa sér þetta úrræði getað fengið séreign útborgaða skattfrjálst upp í kaup á íbúð. Inn á höfuðstól húsnæðislána hefur verið heimilt að greiða allt að 4% framlag launþega og 2% framlag launagreiðanda, hámark 500.000 krónur á ári fyrir einstakling en 750.000 krónur á ári fyrir hjón, eða aðra sem uppfylla skilyrði til samsköttunar.

### Nýting séreignarsparnaðar felld niður þvert á ráðleggingar

Verð á fasteignum hefur hækkað verulega á undanförnum árum. Þrátt fyrir þetta hefur ríkisstjórnin ákveðið að falla frá heimild til nýtingar séreignarsparnaðar til íbúðakaupa og niðurgreiðslu íbúðalána. Áfram verður þó hægt að nýta séreignarsparnaðinn fyrir þá sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn. Þetta var samþykkt í fjárlögum og á að taka gildi um mitt þetta ár. Hér er um óskynsamlega ráðstöfun af hálfu ríkisstjórnarinnar að ræða. Starfshópur sem forsætisráðherra (júní 2017) skipaði til að fara yfir hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs lagði áherslu á að auka svigrúm til séreignar- og húsnæðissparnaðar.

Starfshópurinn leggur til að tryggður verði sveigjanleiki sjóðsfélaga til að nýta séreignarsparnaðinn til að greiða inn á húsnæðislán og / eða við kaup á íbúð.

Ekki verður sé annað en að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að fella niður þetta mikilvæga úrræði gangi þvert á tillögur starfshópsins og eru það mikil vonbrigði.

### Lagafrumvarp Miðflokksins – áfram verði hægt að nýta séreignarsparnað

Fyrir síðustu jól lagði ég til breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið, þess efnis að heimildarákvæðið til nýtingar séreignarsparnaðar til íbúðakaupa og niðurgreiðslu íbúðalána yrði framlengt. Tillagan var því miður felld af ríkisstjórnarflokkunum.

Ég hef nú gert aðra tilraun og lagt fram á Alþingi lagafrumvarp um sama efni - að áfram verði hægt að nýta séreignarsparnaðinn til íbúðakaupa og sem greiðslu inn á íbúðalán.

Fróðlegt verður að sjá hvort ríkisstjórnarflokkarnir; Vinstri grænir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur standi áfram í vegi fyrir þessu mikilvæga úrræði fyrir almenning.


Sveitarfélagið ÁRBORG

# Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir sumarstarfsfólki

Eftirfarandi sumarstörf eru laus til umsóknar hjá Sveitarfélaginu Árborg:
Hægt er að sækja um öll störfin frá og með mán. 18. mars 2019.
**Umsóknarfrestur er til og með fös. 5. apríl nk.**

## Umsjónarmaður með Sumarsmiðjum Zelsiuz fyrir 10 – 12 ára börn

Auglýst er eftir umsjónarmanni með sumarsmiðjum Zelsiuz. Viðkomandi þarf að hafa skipulagshæfileika, hafa gaman af vinnu með ungu fólki, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa góða leiðtogahæfileika. Vinnutími er frá kl. 8:00 – 17:00 og er um að ræða 100% sumarstarf. Möguleiki er á að ráðning taki gildi í byrjun maí en starfi lýkur í lok júlí.

**Aðrar ábyrgðar- og hæfniskröfur**
- Yfirumsjón með Sumarsmiðjum Zelsiuz
- Skipulagning og framkvæmd á dagskrá
- Samskipti og samstarf við foreldra, starfsfólk, skóla og aðra samstarfsaðila
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Bílpróf skilyrði
- Lágmarksaldur 22 ára.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, tómstunda- og forvarnafulltrúi í síma 480-1950 eða á netfangið gunnars@arborg.is.

*Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist rafrænt á netfangið gunnars@arborg.is eða skriflega merkt sumarstarf: Umsjónarmaður með Sumarsmiðjum Zelsiuz, Austurvegi 2, 800 Selfossi, Umsóknarfrestur er til 5. apríl 2019.*

## Stuðningur við fötluð börn á leikjanámskeiði Umf. Selfoss

Auglýst er eftir starfsmönnum, til að styðja fötluð börn á leikjanámskeiði Umf. Selfoss. Viðkomandi þarf meðal annars að vera uppátækjasamur, stundvís, áreiðanlegur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Mestu máli skiptir að viðkomandi hafi brennandi áhuga á að leika sér með börnum, spila og finnast gaman að hoppa í pollum.

Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ára á árinu. Vinnutími er frá kl.8:00 – 17:00. Um er að ræða 100% starf frá júníbyrjun til 2. ágúst 2019.

Frekari upplýsingar veitir Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, deildarstjóri í síma 480 1900 eða á netfangið gudlaugjona@arborg.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Störfin hæfa jafnt körlum sem konum.

*Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist rafrænt á netfangið gudlaugjona@arborg.is eða skriflega merkt sumarstarf: stuðningur við fötluð börn, Austurvegi 2, 800 Selfossi, Umsóknarfrestur er til 5. apríl 2019.*

## Sumarstörf – dagdvalir Árborgar

Langar þig að vinna í gefandi umhverfi í sumar í dagdvölum Árborgar. Dagdvalirnar eru tvær: Árblik, dagdvöl fyrir eldri borgara, dagdvölin flutti í glæsilegt húsnæði á sl. ári. Vinaminni er sérhæfð dagdvöl fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma, notalegt og heimilislegt andrúmsloft. Um ræðir tímabilið byrjun júní til og með ágústlok, 2019.

**Hæfniskröfur:**
- Iðjuþjálfi, sjúkraþjálfi eða sambærileg menntun – nemar einnig velkomnir að sækja um.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Sveigjanleiki

Reynsla af störfum með öldruðum og/eða fólki með heilabilunarsjúkdóma er kostur.
**Krafa um hreint sakavottorð heiðarleika og samviskusemi.**
**Hentar báðum kynjum.**
**Laun eru samkvæmt samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.**
Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Björnsdóttir, forstöðumaður dagdvala í Árborg í síma 482 3361.
**Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á netfangið ragnheidurk@arborg.is.**
**Umsóknarfrestur til og með 5. apríl 2019.**

# Útboð

ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:

## Vesturbakki – Ölfusbraut, fráveita og vatn

*Verklok eru 01.08.2019*

Verkið felst í því að leggja skal Ø400 fráveitulögn og Ø180 vatnsveitulögn meðfram háspennustreng RARIK, frá núverandi fráveitulögn við Vesturbakka og gegnum Ölfusbraut. Fleyga skal lagnaskurð, grafa upp laust og losað efni. Einnig skal malbika yfir lagnaskurð gegnum Ölfusbraut.

**Helstu magntölur eru:**

- Gröftur 1.700 m³
- Fleygun 1.700 m³
- Fráveitulagnir 207 m
- Vatnsveitulagnir 285 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 19. mars 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Eggert hjá EFLU á Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið ets@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, fyrir kl. 10:00 föstudaginn 5. apríl og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

*Byggingarfulltrúinn í Þorlákshöfn*

# Útboð

ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:

## Sambyggð 14-20, gatnagerð

*Verklok eru 01.08.2019*

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum við Sambyggð í Þorlákshöfn. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði skv. kennisniðum, og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitulagna.

**Helstu magntölur eru:**

- Gröftur 400 m³
- Styrktarlag 400 m³
- Fráveitulagnir 285 m
- Vatnsveitulagnir 200 m
- Hitaveitulagnir 330 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 19. mars 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Eggert hjá EFLU á Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið ets@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, fyrir kl. 11:00 föstudaginn 5. apríl og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

*Byggingarfulltrúinn í Þorlákshöfn*



***Bæjarstjórinn í Árborg, Gísli Halldór Halldórsson, og gestir hlýða á opnunarávarp safnstjóra.***

# Til hamingju með afmælið, baklandið góða

## *Litla-Hraun 90 ára og sýningin í Húsinu, Byggðasafni Árnesinga*

Fyrir um 25 árum, á árunum sem ég var forstöðumaður Námsráðgjafar HÍ, fékk ég fyrirspurn um hvort ég gæti haldið námskeið fyrir fangaverði.

Spurningin kom nokkuð flatt upp á mig en ég spurði strax hvert markmiðið væri. Jú sjálfsþekking, sjálfsstyrking, viðtalstækni og leiðsögn um uppbyggilegar aðferðir í boðskiptum. Svar mitt var þá umsvifalaust „Já“.

Í kjölfarið komu þrír 12–14 manna hópar til okkar í Háskólann á daglöng námskeið. Fordómar og fyrirfram gefnar hugmyndir um fangaverði sem tilfinningalaus hörkutól urðu fljótt að engu. Satt að segja var innsýn þeirra og samkennd hjá þeim á við marga þá sem lagt hafa fyrir langskólanám í félagsvísindum. Samspil þeirra innbyrðis var litað af trausti og virðingu sem snerti mig djúpt. Þá kom líka fram þörf þeirra til að lýsa sársaukafullri lífsreynslu með skjólstæðingum og létta á tilfinningum sínum í aðstöðu þar sem 100% trúnaður ríkti og ríkir hjá þeim alla.

Á opnun sýningarinnar í tilefni 90 ára afmælis þessarar merku stofnunar þar sem fangaverðir fjölmenntu, var ljóst að þessir góðu eiginleikar voru enn á sínum stað. Það er mikil gæfa fyrir okkar litla samfélag að þessi viðkvæmi starfsvettvangur skuli vera skipaður af svo góðri og velþenkjandi liðsheild. Vitandi það ættuð þið að nýta tækifærið og skella ykkur í helgarbíltúr á sýninguna í Húsinu á Eyrarbakka.

*Ásta Kristrún í Bakkastofu*



***Opnunarávarp safnstjóra, Lýðs Pálssonar, fangelsistjóri og starfsmenn Litla-Hrauns.***



***Valgeir og Gunnar E. Gunnarsson fangavörður við gæsluvarðhaldshornið.***

**MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI**

**SÆLIR SUNNLENDINGAR!**

Það hefur verið mikið að gera í Menntaskólanum að Laugarvatni um þessar mundir.

Dagana 13. og 14. mars var svokallaður Dagamunur þar sem voru óhefðbundnir skóladagar og nemendur skráðu sig á ýmisskonar námskeið, fyrirlestra og annarskonar skemmtilegheit. Til dæmis hélt núverandi dragdrottning Íslands, Gogo Starr, fyrirlestur um sig og sinn starfsferil.





15. mars var síðan Dollinn þar sem allir nemendur skólans kepptu í þemamiðaðri keppni þar sem þeim var skipt handahófskennt niður í lið og þema ársins voru hljómsveitir. Deginum lauk síðan þar sem allir fóru í sitt fínasta púss og fóru á árshátíð.

Nú styttist í frumsýningu hjá leikhópnum sem verður 22. mars í Aratungu. Síðan ferðast leikhópurinn um með sýninguna Með allt á hreinu svo sem flestir geti notið

*Umsjón: Kristrún Urður og Sindri Bernholt*

# Fimm milljónum úthlutað úr Sjóðnum góða

Í desember síðastliðnum var úthlutað úr Sjóðnum góða til 135 fjölskyldna og einstaklinga samtals 5 milljónum króna ásamt gjöfum frá ýmsum aðilum. Jólatré voru staðsett í Hveragerði og á Selfossi og hægt var að setja pakka þar undir til gjafa.

Gjafir til Sjóðsins góða berast frá einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum og verslunum bæði í formi peninga og jólagjafa. Þetta árið bárust okkur bíómiðar frá Selfossbíói og einnig gaf veitingastaðurinn Krisp veglega matargjöf. Tölvubúnaður sem notaður er við umsóknir og úthlutanir hefur Tölvu- og rafeindaþjónustan, (TRS), lánað án endurgjalds í nokkur ár. Einnig má nefna húsnæði, veitingar og prjónles, að ógleymdri mikilli sjálfboðavinnu.

Sjóðurinn góði var stofnaður 2008 í kjölfar bankahrunsins. Hann er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu og deilda Rauða krossins í Árnessýslu. Hlutverk Sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurftum fyrir jólin.

Starfshópur sem fulltrúar áðurnefndra aðila skipa og Hjálparstofnun kirkjunnar skipuleggja umsóknarferlið og annast úthlutun. Stuðst er við viðmið Hjálparstofnunar kirkjunnar varðandi mat á umsóknum. Úthlutað er í desember úr sjóðnum vegna undirbúnings jólanna og á vormánuðum vegna ferminga. Allar umsóknir eru trúnaðarmál.

Hægt er að leggja inn á Sjóðinn góða allt árið um kring. Reikningsnúmer er 325-13-301169 og kt. 560269-2269.

Starfshópur Sjóðsins góða þakkar öllum þeim aðilum sem styrkt hafa sjóðinn á síðasta ári.

# Ályktun frá sveitarstjórn Skaftárhrepps



Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur sent frá sér eftirfarandi ályktun;

„Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir yfir vonbrigðum sínum með framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru

Með breytingum á ofangreindum lögum er verið að tefla í tvísýnu lýðheilsu þjóðarinnar, ógna hreinleika íslenska búfjárstofnsins auk þess sem grafið er undan fæðuöryggi Íslendinga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur íslensk stjórnvöld til að kanna til hlítar hvort ekki megi endurskoða viðkomandi ákvæði innan EES samningsins með það að markmiði að sækja um undanþágu fyrir Ísland vegna sérstöðu landsins m.a. með tilliti til lítillar notkunar á sýklalyfjum í landbúnaði og alþjóðlegra skuldbindinga hvað varðar verndun íslenskra búfjárkynja.

Sveitarstjórn gagnrýnir einnig hversu skammt á veg undirbúningur fyrirhugaðra mótvægisaðgerða virðist vera kominn og styður framkomnar kröfur um að innflutt kjöt og egg verði ekki leyst úr tolli fyrr en Matvælastofnun hefur staðfest með sýnatöku að ekki séu sýklalyfjaónæmar bakteríur til staðar í viðkomandi vörum.“


Sveitarfélagið ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg auglýsir:

## Sláttur og hirðing á Eyrarbakka og Stokkseyri 2019

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í grasslátt og hirðingu á tilgreindum svæðum á Eyrarbakka og Stokkseyri ásamt flutningi á grasi á gámasvæði sveitarfélagsins. Sláttusvæðin sem um ræðir skiptast í þrjú umhirðustig með mismunandi sláttutíðni.

**Umhirðustigin skilgreinast þannig:**
1. stig – næsti sláttur eftir 1 til 7 daga.
2. stig – næsti sláttur eftir 7 til 14 daga.
3. stig – næsti sláttur eftir 30 til 45 daga

Samningstímabil er frá 20. maí 2019 til 31. ágúst 2019.

**Helstu magntölur eru:**

- Flöt slegin á 1 til 7 daga fresti 77.296 m$^2$
- Flöt slegin á 7 til 14 daga fresti 6.915 m$^2$
- Flöt slegin á 30 til 45 daga fresti 12.726 m$^2$

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 21. mars 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Unni Þórólfsdóttur á skrifstofu Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar í síma 480 1900, eða með tölvupósti í netfangið unnurthorolfs@arborg.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til Framkvæmda- og Þjónustusviðs Árborgar, Austurvegi 67, 800 Selfoss fyrir **kl. 11.00 fimmtudaginn 4. apríl 2019** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

*Framkvæmda- og veitusvið Árborgar*



**Útboð á slætti**

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

## Sláttur og hirðing í Laugarási og Reykholti

Samningstímabil þessa útboðs er frá 15. maí 2019 til 15. september 2021. Heildarstærð verkstaða samkvæmt útboðsgögnum er ríflega 70.000 m$^2$.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 2. apríl. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bjarna D. Daníelsson, sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar í síma 480 3000, eða með tölvupósti á netfangið bjarni@blaskogabyggd.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, 801 Selfoss fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 23. apríl en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

*Bláskógabyggð*



HVERAGERÐISBÆR

# Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

**Útboð Kambaland 2019**

*Verklok eru 1. nóvember 2019.*

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum í nýju hverfi, Kambalandi í Hveragerði. Búið er að grafa laust efni upp úr hluta af götustæðum og leggja hluta af fráveitu og kaldavatnsstofnum.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum, leggja styrktar- og burðarlög, malbika götur og gangstíga, steypa kantsteina og þökuleggja. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitulagna.

**Helstu magntölur eru:**

- Gröftur 3600 m$^3$
- Styrktarlag 4600 m$^3$
- Fleygun 2200 m$^2$
- Malbik 6220 m$^2$
- Fráveitulagnir 1600 m
- Vatnsveitulagnir 580 m
- Hitaveitulagnir 1630 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 19. mars 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð hjá Eflu Suðurlandi með tölvupósti á netfangið bardur.arnason@efla.is gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 4. apríl 2019, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

*Byggingarfulltrúinn í Hveragerði*

STANGAVEIÐIFÉLAG Selfoss STOFNAÐ 1946

Sölukvöld veiðileyfa SVFS

Sölukvöld veiðileyfa hjá SVFS verða haldin mánudagskvöldið 25. mars og þriðjudagskvöldið 26. mars frá kl. 19 - 21 á Betri stofunni Hótel Selfossi 1. hæð.

UMF SELFOSS 1936

Aðalfundur

Aðalfundur Umf. Selfoss verður haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 4. apríl kl. 20.
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

*Aðalstjórn Umf. Selfoss*

BJÖRGUNARFÉLAG ÁRBORGAR

Aðalfundur

Björgunarfélags Árborgar verður haldinn mánudaginn 1. apríl kl. 20
í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi, Árvegi 1.

**Venjuleg aðalfundarstörf**
**Lagabreytingar**
**Kosið verður til stjórnar og annarra starfa**

Sumarafleysing

Starfsmaður óskast við sumarafleysingar á gámasvæðum Bláskógabyggðar. Starfstími er frá 1. maí til 1. september.

Nánari upplýsingar hjá sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, Bjarna Daníelssyni í síma 860 4440.

# Við stólum á þig






Tilgangur söfnunarinnar „Við stólum á þig“ er að safna fé til aðstoðar einstaklingum sem orðið hafa fyrir því að lamast eftir slys eða veikindi og þurfa að notast við hjólastól um ókomna framtíð. Á Íslandi eru u.þ.b. 7.000 einstaklingar í hjólastól og meðaltal nærfjölskyldunnar eru 15 einstaklingar. Þetta eru um 105.000 einstaklingar, eða tæpur 1/3 þjóðarinnar. Slæmt aðgengi snertir því um þriðjung þjóðarinnar.

Aðstoðin er í formi þess að veita styrki til breytinga á heimilum þeirra einstaklinga sem notast við hjólastól. Um er að ræða að breikka dyr, fjarlægja þröskulda, setja pumpur á efri skápa í eldhúsi og í baðherbergi. Breyta baði og salernisaðstöðu og eftir atvikum laga aðgengi að húsinu.

Fólk sem verður fyrir því áfalli að lamast eftir slys eða veikindi og þurfa að notast við hjólastól „situr“ frammi fyrir því að þurfa að kosta til miklum fjárhæðum við breytingar á heimili sínu. Það er ekki á allra færi. Tryggingabætur eru ekki ætlaðar til þess háttar verkefnis. Tryggingabætur eru ætlaðar til að viðkomandi geti lifað sómasamlegu lífi eftir t.d. slys þ.e. átt í sig og á í framtíðinni. Ef viðkomandi er ekki þess fjáðari er um fáa valkosti að ræða.

Í boði er sérstakt „framkvæmdalán“ hjá Íbúðalánasjóði upp að allt að átta milljónum með veði í íbúðinni, verðtryggt með 4,2% vöxtum. Það er ekki upplífgandi fyrir viðkomandi sem líklega er búinn að missa vinnuna eftir slys eða veikindi og sér fram á verulega skertar tekjur í framtíðinni.



Ef fyrrgreindu leiðirnar eru ekki færar þá er bara einn valkostur eftir: Það er að búa á hjúkrunarheimili eða sambýli fjarri fjölskyldunni. Verra getur það varla verið.

Þegar sjóðurinn verður formlega tekinn til starfa þá geta allir þeir sem notast við hjólastól til frambúðar sótt um styrk úr sjóðnum. Reglugerð er í smíðum og verður hún birt á vefsíðu söfnunarinnar um leið og hún er fullbúin og samþykkt. Til að geta fjármagnað verkefnið þá verða boðnar til kaups þrjár rúllur af stórum og sterkum heimilisruslapokum (3x20 stk.) framleidda úr maíssterkju og trjákvoðu. Ruslapokinn getur borið allt að 3–4 kg. Pokinn eyðist upp í jarðvegi á sextíu til níutíu dögum. Með í kaupbæti fylgir ein stór margnota innkaupataska. Við erum umhverfisvæn og þykir vænt um landið okkar.

Verkefnið er fjórþætt:

Fólk sem notast við hjólastól fær fjárhagsaðstoð til nauðsynlegra breytinga á heimili sínu.

Með kaupum á maíspokum, stuðlum við að því að skila landinu hreinna frá okkur en við tókum við því.

Vitundarvakning meðal almennings um að ganga betur um landið okkar og bera virðingu fyrir náttúru Íslands.

Síðast en ekki síst, með því að gera fólki kleift að búa heima hjá sér spörum við mikið skattfé sem annars færi í byggingu og rekstur.

# Karlakórinn Heimir syngur sunnan heiða



*Mynd: GPP*

Karlakórinn Heimir frá Skagafirði hélt tónleika hér fyrir austan fjall, bæði í Skálholti og í Selfosskirkju. Í samtali við Stefán R. Gíslason, stjórnanda kórsins kom fram að þeim hefði verið afar vel tekið og meðlimir kórsins þakklátir fyrir móttökurnar. Húsfyllir var á báðum tónleikum. Lagavalið var fjölbreytt en ungliðum kórsins var tjaldað fram í einsöng og samsöng með kórnum. Í heildina voru tónleikarnir hin besta skemmtun en kynningar milli laga voru ákaflega skemmtilegar og gamansamar þótt ekki sé meira sagt. -gpp

## Smiður eða maður vanur smíðavinnu óskast

Lítið verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða smið eða mann vanan smíðavinnu til starfa. Þarf að geta unnið sjálfstætt.

Góð laun fyrir réttan aðila.
Frekari upplýsingar í síma 770 7900, Ari.


## Tjaldsvæði Laugarvatni

Bláskógabyggð auglýsir til leigu tjaldsvæði á Laugarvatni. Um er að ræða land fyrir tjaldsvæði og mannvirki sem tilheyra rekstrinum.

Rekstraraðili skal sjá um rekstur svæðisins og mannvirkja sem þar eru, innheimtu afnotagjalda, upplýsingagjöf og þjónustu við ferðamenn, auglýsingar fyrir svæðið og annað tilheyrandi. Leigutaki hefur allar tekjur af rekstri svæðisins, sem og allan kostnað. Til kostnaðar telst m.a. þrif á svæðinu og mannvirkjum, sláttur og eftirlit.

Leigusali, Bláskógabyggð, setur upp fast leiguverð fyrir svæðið. Leigutaki hefur möguleika á að greiða leiguverðið að hluta með verkefnum fyrir leigusala, s.s. endurbótum á svæðinu og viðhaldi mannvirkja.

Árlegur opnunartími tjaldsvæðisins er að öllu jöfnu frá 1. maí til 30. september, en ráðgert er að bæta aðstöðu fyrir ferðabíla (campera) og þjónusta þá allt árið um kring. Stefnt er að því að nýr rekstraraðili taki við svæðinu fyrir opnun í ár.

Leigusamningur verður gerður til fimm ára.

Boðið verður upp á skoðun á svæðinu föstudaginn 29. mars 2019 kl. 13.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is í síðasta lagi fimmtudaginn 4. apríl nk. Nánari upplýsingar veitir Bjarni D. Daníelsson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs í síma 480 3000.

Umsækjandi (eða fyrirsvarsmaður umsækjanda) skal:

- gera grein fyrir reynslu sinni af ferðaþjónustu.
- gera grein fyrir sýn sinni á rekstur tjaldsvæðisins.
- hafa reynslu af rekstri.
- vera reglusamur.
- hafa hreint sakavottorð hvað varðar brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot er varða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum, spillingu, sviksemi og peningaþvætti.
- vera í skilum með opinber gjöld og lífeyrisiðgjöld starfsmanna.
- leggja fram vottorð Héraðsdóms um búsforræði.

**Bláskógabyggð**

## Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Lýsing deiliskipulagsáætlunar á landspildu sem staðsett er milli Jaðars og Hrefnutanga Selfossi.**

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing deiliskipulags fyrir landspildu sem staðsett er milli Jaðars og Hrefnutanga norðan ár á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg. Landnúmer spildunnar er 188146.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem er skilgreint sem íbúðarsvæði. Skipulagssvæðið afmarkast af Jaðri í vestri, Hrefnutanga í austri. Mógili í norðri og vegi meðfram Ölfusárbökkum í suðri. Svæðið er 11.065 m2 að stærð.

Í fyrirhugaðri deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir 10 raðhúsum, tveimur 3ja húsa lengjum neðst á svæðinu með aðkomu frá Ártúni og fjórum húsum ofan við klettabeltið með aðkomu frá nýjum vegi út frá Ártúni sem tekinn er lítillega út fyrir lóðina norðan við Hrefnutanga og er það gert til að draga úr halla vegarins að efri húsunum. Húsin eru öll einnar hæðar. Aðkoma að neðri húsunum er frá suðaustri, en þeim efri norðvestri. Þau eru öll með stóra suðurverönd.

Teikning ásamt lýsingu deiliskipulagsáætlunarinnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8 – 15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 5. apríl 2019. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu sveitarfélagsins, http://www.arborg.is.

Virðingarfyllst, Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingafulltrúi.




**Við** leitum að öflugum aðila í sumarafleysingar á **Selfossi**

Um spennandi og krefjandi sumarstarf er að ræða með möguleika á fastráðningu í lok sumars

**Helstu verkefni:**
- Almenn sala varahluta og umsýsla rekstrarvara
- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla / menntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta unnið sjálfstætt

**Umsóknarfrestur er til og með 29. mars nk.**
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og mynd á netfangið ludvik@jotunn.is.

Nánari upplýsingar veitir Lúðvík Kaaber sviðsstjóri varahlutasviðs í síma 480 0425.

Jötunn Vélar er stofnað árið 2004. Félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við landbúnaðinn. Jötunn er með umboð fyrir Massey Ferguson, Valtra, McHale, Pöttinger, Schaffer o.fl. Jötunn er með starfsstöðvar á Selfossi, Akureyri og á Egilsstöðum. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 40 manns.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

# Tvennir tónleikar framundan

Tónlistarskóli Árnesinga stendur fyrir tvennum deildartónleikum í mars. Á miðdeildartónleikum sem haldnir verða mánudaginn 25. mars kl. 19:30 koma fram nemendur sem lagt hafa að baki fyrsta hluta tónlistarnáms síns. Á framhaldsdeildartónleikum sem haldnir verða þriðjud. 26. mars kl. 20.00 leika nemendur sem nálgast lok náms við skólann.

Búast má við metnaðarfullum og fjölbreyttum tónleikum og góðu tækifæri fyrir Sunnlendinga að skyggnast inn í öfluga starfsemi skólans.

Tónleikarnir verða haldnir í sal skólans að Eyravegi 9 á Selfossi, 3. hæð.

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.






# Sameiginlegir tónleikar kóra ML, MH og Kvennaskólans

Föstudaginn 1. mars sl. hélt kór Menntaskólans að Laugarvatni sameiginlega tónleika í Skálholtskirkju með kórum Menntaskólans við Hamrahlíð og Kvennaskólans í Reykjavík. Gaman var að sjá fjölbreytt og skemmtilegt kórastarf og þá sérstaklega skemmtilegt fyrir nemendur að hittast og víkka aðeins sjóndeildarhringinn. Óhætt er að segja að kórarnir séu ólíkir og hver hafi sína sérstöðu. Kórstjórar eru: Eyrún Jónasdóttir hjá ML, Hreiðar Ingi Þorsteinsson hjá MH og Lilja Dögg Gunnarsdóttir hjá Kvennó.

### Kór MH í heimsókn í ML

Rétt fyrir hádegi mánudaginn 4. mars kom kór Menntaskólans við Hamrahlíð á Laugarvatn og hélt rúmlega hálftíma tónleika í matsalnum fyrir nemendur og starfsfólk menntaskólans. Stjórnandi kórsins er Hreiðar Ingi Þorsteinsson, gamall ML-ingur, stúdent 1998. Að tónleikum loknum snæddu gestirnir hádegismat með ML-ingum.



*Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur í matsal ML.*



*Kór Menntaskólans að Laugarvatni.*

# Margmála ljóðakvöld Bókabæjanna og Gullkistunnar

Á alþjóðlegum degi ljóðsins, 21. mars næstkomandi, fer að vanda fram Margmála ljóðakvöld á vegum Bókabæjanna austanfjalls og Gullkistunnar. Sem fyrr er kvöldið haldið í samstarfi við Listasafn Árnesinga og fer viðburðurinn fram í húsnæði þess í Hveragerði. Dagskráin er hluti af alþjóðlegum tungumálamánuði, sem hófst á móðurmálsdeginum 21. febrúar og lýkur mánuði síðar. Þetta er í þriðja sinn sem staðið er fyrir Margmálaljóðakvöldi af þessu tilefni, og hafa kvöldin til þessa verið ánægjuleg og vel sótt.

Í ár verður að einhverju leyti brugðið út af vana fyrri ára, þar sem lesarar hafa flutt ljóð á sínu móðurmáli, sem síðan hafa verið þýdd yfir á íslensku. Þess í stað fá áheyrendur að njóta ljóðalesturs á ýmsum tungumálum sem eru lesurum kær. Erlend skáld sem um þessar mundir dvelja í Gullkistunni munu flytja eigin ljóð á arabísku, frönsku og eistnesku. Jógakennari flytur möntru og hugleiðingar á sanskrít og nýjar þýðingar á arabískum ljóðum úr frönsku verða fluttar á íslensku, en einnig á frummálinu, auk spænskra ljóða svo eitthvað sé nefnt. Þá verður skemmtiatriði kvöldsins í höndum Kvæðamannafélagsins Árgala, sem færir okkur á vit fornrar íslenskrar ljóðahefðar.

Húsið verður opnað klukkan 19:15 og leikar hefjast um fimmtán mínútum síðar. Að vanda verður boðið upp á kaffiveitingar. Í hléi gefst gestum kostur á að skoða yfirstandandi sýningar Listasafnsins, Einu sinni var... Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar og Huglæg rými eftir Ólaf Svein Gíslason. Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.

gullkistan LISTASAFN ÁRNESINGA Multilingual Month BÓKABÆIRNIR AUSTANFJALLS

# Stjórnsýsluúttekt hjá Sveitarfélaginu Ölfusi

Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss sem haldinn var 28. febrúar sl. var samþykkt að gera breytingar á stjórnsýslufyrirkomulagi sveitarfélagsins. Fyrir bæjarstjórn lá minnisblað frá RR ráðgjöf ehf. dagsett 25. febrúar 2018. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að starfsumhverfi og umgjörð sveitarfélaga hafi tekið miklum breytingum undanfarinn áratug, ekki síst í skipulags- og byggingarmálum og hvað varðar miðlæga stjórnsýslu. Þar segir enn fremur að kröfur um málsmeðferðarhraða, fagmennsku og samráð hafi aukist mikið bæði af hálfu löggjafans og íbúa. Hugmyndir og áherslur í umhverfismálum, skipulagi og við hönnun og byggingu mannvirkja hafa þróast og það leitt til þess að ákvarðanataka er orðin flóknari og hagsmunirnir meiri en áður var. Með endurskoðun á stjórnsýslu Sveitarfélagsins Ölfuss er stefnt að því að efla viðbrögð sveitarfélagsins, auka formfestu og vanda enn frekar til verka í stjórnsýslu og umsýslu sveitarfélagsins. Þá er á sama hátt brýnt að tryggja faglega og lögmæta málsmeðferð.

Í minnisblaðinu er fjallað um núverandi stjórnskipulag sveitarfélagsins og æskileg næstu skref til áframhaldandi úrbóta. Í fundargerð kemur fram að bæjarstjórn hefur yfirfarið minnisblaðið og þær tillögur sem þar koma fram. Minnisblaðið er ítarlegt og tillögur margar. Niðurstaða bæjarstjórnar er að horfa fyrst og fremst til breytinga á þeim hluta stjórnsýslunnar sem snýr að störfum nefnda og ráða, auk breytinga á þeim hluta skipuritsins sem snýr að yfirstjórnendum.

## Nýtt stjórnskipulag

Í samþykkt sveitarstjórnar felst að nýtt stjórnskipulag sveitarfélagsins tekur gildi 2. maí nk. Með skipuritinu er farin sú leið að skipta starfsemi sveitarfélagsins í þrjú svið. Það er að segja: fjármála- og stjórnsýslusvið, umhverfis- og framkvæmdasvið og fjölskyldu- og fræðslusvið. Samhliða verða ráðnir sviðsstjórar yfir hverju sviði fyrir sig þó þannig að þar sem flest verkefni á fjölskyldu- og fræðslusviði eru í dag innan byggðasamlaga verði þar rekstrarstjóri en framkvæmdastjóri Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings veiti þeim stofnunum/verkefnum sem



undir það falla áfram faglega forystu.

Bæjarstjórn samþykkti einnig nýráðningu í stöðu sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og verður staðan auglýst. Stöðu sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs verður sinnt af byggingafulltrúa og þær stöður því sameinaðar. Þá verður stöðu bæjarritara breytt í stöðu aðalbókara sem jafnframt gegni stöðu rekstrarstjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs.

## Fjármála- og stjórnsýslusvið

Fjármála- og stjórnsýslusvið mun m.a. hafa á hendi miðlæga þjónustu á sviði fjármála- og stjórnsýslu. Meginverkefnið verður fjárstýring, skjalastjórnun, persónuverndarmál, þjónusta við kjörna fulltrúa, sem og nefndir og ráð, mannauðsmál, starfsþróun, launavinnsla, reikningshald, fjárreiður, gæðamál og ferlar, árangursmælingar, ráðgjöf við stefnumótun og verkefnastjórn, markaðs- og menningarmál og almannatengsl, upplýsingatækni, samfélagsmiðlar, verkefna- og viðburðastjórnun, vinabæjartengsl, jafnréttismál, samstarf sveitarfélaga og ytri aðila, atvinnuþróun, markaðsmál, samskipti við fjölmiðla, málefni erlendra íbúa, samráð og lýðræði, þjónustuver, rafræn stjórnsýsla og sjálfsþjónusta. Sviðinu er einnig ætlað að starfa með fjallskilanefnd, kjörstjórn, bæjarráði og bæjarstjórn. Undir sviðið munu falla störf aðalbókara, launafulltrúa og forstöðumanns þjónustuvers. Seinasta staðan verður til í stað forstöðumanns bókasafns. Undir þá stöðu falla menningarmál sveitarfélagsins í víðum skilningi þess orðs og þar með rekstur menningarverkefna og bóksafns. Þá er bókasafninu ætlað að sjá um alla skjalavörslu sveitarfélagsins.

## Umhverfis- og framkvæmdasvið

Umhverfis- og framkvæmdasvið mun m.a. hafa með höndum umhverfis- og framkvæmdamál auk skipulagsmála og málefna hafnarinnar. Meginverkefni sviðsins eru skipulags- og byggingarmál, umhverfismál, umferða- og samgöngumál, hafnamál, hreinlætismál, brunavarnir/slökkvilið, veitumál, landbúnaðarmál, eignasjóður, félagslegar íbúðir, nýframkvæmdir og vinnuskóli. Umhverfis- og framkvæmdasvið starfar með skipulagsnefnd og hafna- og framkvæmdanefnd. Undir sviðið falli störf skipulagsfulltrúa, umhverfisfulltrúa og hafnarstjóra. Þá verði einnig um að ræða stöðu verkefnastjóra á sviðinu.

## Fjölskyldu- og fræðslusvið

Fjölskyldu- og fræðslusvið fer m.a. með öll skólamál (grunn-, leik- og tónlistarskóla), frístundaver (lengd viðvera eftir skóla), daggæslumál, félagsþjónustu, barnavernd, málefni aldraðra (þar með talið öldungaráð), málefni fatlaðra, húsnæðismál, jafnréttismál, málefni innflytjenda, forvarnir, sérfræðiþjónustu skóla, æskulýðs- og tómstundamál (þar með talið ungmennaráð) og íþróttamál. Hlutverk sviðsins er að miklu leyti skilgreint í lögum. Þar ber helst að nefna lög um grunnskóla, lög um leikskóla, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlög, lög um húsnæðismál, lög um málefni aldraðra, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sveitarstjórnarlög, lög um jafnan rétt kvenna og karla ásamt ýmsum öðrum lögum og reglum. Undir sviðið falla störf skólastjóra Grunnskóla Þorlákshafnar, leikskólastjóra Leikskólans Bergheima, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa sem jafnframt er forstöðumaður íþróttamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar, deildarstjóra í málefnum aldraðra, forstöðumaður Viss, forstöðumaður Selvogsbrautar og félagsráðgjafi.

Bæjarstjórn fól bæjarstjóra að auglýsa stöðu sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Þá var bæjarstjóra falið að kynna skipuritið sérstaklega fyrir þeim starfsmönnum sem gegna þeim starfsheitum sem hefur verið tekið til. Í þeim samtölum skal starfsmönnum boðið að halda áfram í þeim stöðum sem þeir nú gegna eða eftir atvikum í þeim stöðum sem verða til út úr þeim stöðum sem þeir hafa gegnt. Bæjarstjórn samþykkti ennfremur að fela bæjarstjóra að semja að nýju við þá starfsmenn sem þar um ræðir. Bæjarstjórn samþykkti einnig að fela bæjarstjóra að hefja svo fljótt sem verða má vinnu við eftirfarandi verkefni:

- *Endurskoða samþykkt um stjórn og fundarsköp.*
- *Endurskoða erindisbréf nefnda.*
- *Endurskoða starfslýsingar.*
- *Auka áherslu á greiningu gagna fyrir kjörna fulltrúa.*
- *Setja innkaupareglur.*
- *Allir kjörnir fulltrúar í nefndum fái aðgengi að fundargátt.*
- *Samræma skráningu fundargerða og afgreiðslna.*
- *Bæta móttöku, skráningu og svörun erinda. Þar undir fellur að nýta betur málaskráarkerfið og gæðakerfi byggingafulltrúa.*
- *Gera leigusamninga fyrir Eignasjóð.*
- *Skipuleggja námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn nefnda um stjórnsýslu sveitarfélaga*

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSS

Almenn Prentun
Bækur
Límmiðar

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.**

**Al-Anon**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:30, kynning fyrir nýliða kl. 20:00, Hrísholti 8, Selfossi.

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands**
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10–14
*Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)*
föstudaga kl. 10–14
*í Strókshúsinu*

## FUNDIR

**Vöfflukaffi**



Nítjánda vöfflukaffi vetrar verður haldið næsta föstudag 22. mars að Eyravegi 15 á 2. hæð milli kl. 16 og 18. Gestur okkar verður Bjarni Ingvarsson sálfræðingur. Hann mun fara yfir og spjalla um þessi málefni sem hafa verið svo mikið í umræðunni síðustu misseri þ.e.a.s. **streitu og kulnun í starfi**. Allir velkomnir.

## TIL SÖLU

**Parhús í Hrísey**
Parhús í Hrísey til sölu. Uppl. í síma 846 7519.

## HÚSNÆÐI ÓSKAST

**Húsnæði óskast**
Óska eftir að taka rúmgott hús (80 fm +) til leigu/kaupleigu frá byrjun apríl á friðsælum stað í suðlægum radíus við Selfoss/Hveragerði. Uppl. í síma 483 1041.

## ÞJÓNUSTA


BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
*Ramma inn myndir, spegla og fleira.*
*Annast einnig sólpallasmíði.*
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.


## HEILSA


*Nudd – Svæðanudd*
*Dáleiðsla*
*Augnlestur og heilsuráðgjöf*
*Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum*
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501


## BÍLAR


Klettur
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti


## TIL SÖLU



Göngubraut á aðeins 45.000,- Þessi göngubraut er algjör draumur, því hægt er að fella hana næstum alveg saman eftir notkun og setja til hliðar. Frí heimsending. Hámarks þyngd notanda 90 kg. Uppl. í síma 661 1902.



Göngubraut / hlaupabraut á aðeins 69.500,- Stærð brautar 42x115 sm, hámarksþyngd notanda 110 kg. Hámarks hraði 14 km/klst, 8 prógröm. Sendi frítt hvert á land sem er. Þrektæki, uppl. í síma 661 1902.

## TIL LEIGU

**Til leigu á Selfossi**
Glæsileg ný og björt 3 herbergja íbúð á 1. hæð. Stæði í bílakjallara með tengi fyrir rafbíl. Innifalið í leiguverði er hússjóður, hiti og þrif á sameign. Trygging er 2ja mánaða fyrirframgreiðsla leigu eða bankaábyrgð. Óskað er eftir meðmælum en eingöngu koma til greina reglusamir og ábyrgir leigjendur. Gæludýr og reikingar eru ekki leyfð. Uppl. sendist á siggiheimir1@gmail.com.


DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Sími 482 1944
dfs@dfs.is


## KIRKJUR

**Selfosskirkja**
Messa og barnastarf kl. 11. Súpa í safnaðarheimili á eftir. Sr. Axel héraðsprestur þjónar. Kór kirkjunnar syngur, organisti Ester Ólafsdóttir. Sunnudagaskóli á sama tíma í umsjón Jóhönnu Ýrar og leiðtoganna. Súpa og brauð í safnaðarheimilinu gegn vægu gjaldi að messu lokinni. Nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga spila í messunni.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, barnastarf og kaffiveitingar. English translation available. Þriðjudaga kl. 19.30 unglingasamkoma. Bænastundir kl. 18 mánudag, þriðjudag og föstudag. Allir velkomnir. selfossgospel.is.

**Aðventistar**
Laugardaginn 23. mars 2019 í safnaðarheimili aðventista á Eyravegi 67. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Verið velkomin.

**Ólafsvallakirkja**
Messa sunnudaginn 24. mars kl. 14. Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir djáknanemi prédikar og aðstoðar við messuna. Kirkjukórinn leiðir sönginn undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur.

**Skálholtsdómkirkja**
Barnasamkoma laugardag 23 mars kl. 11.00 í umsjón Bergþóru Ragnarsdóttur.
Messa sunnudag 24. mars kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson annast prestsþjónustuna. Organsisti er Jón Bjarnason.

**Mosfellskirkja Grímsnesi**
Föstumessur eru öll miðvikudagskvöld kl. 20.30. Umsjón hafa sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur og sr. Kristján Valur Ingólfsson, biskup. Þeir annast prestsþjónustuna ýmist saman eða í sitt hvoru lagi.

**Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar**
Kvöldguðsþjónusta sunnudag 24. mars kl. 20:30. Ásakórinn og Kirkjukór Prestsbakkakirkju leiða söng undir stjórn Zbigniew Zuchowicz. Verið hjartanlega velkomin.

**Hrepphólakirkja**
Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 24. mars kl. 11. Barnakór Flúðaskóla undir stjórn Önnu Þórnýjar Sigfúsdóttur syngur ásamt Kirkjukórnum. Biblíusaga og mikill almennur söngur. Umsjón: Sr. Óskar, Jóna Heiðdís djáknanemi og Stefán organisti. Allir velkomnir.


ALMENN SMÍÐAÞJÓNUSTA
SÉRHÆFUM OKKUR Í ENDURNÝJUN OG BREYTINGUM INNAN SEM UTAN Á ÖLLUM TEGUNDUM AF HÚSNÆÐI
HÚSASMÍÐAMEISTARINN
BRÚNALDA 2, HELLU | SÍMI 773 7000


# Skákæfingar í Fischersetri

Skákæfingar fyrir nemendur í 3.–10. bekk í Fischersetri eru hafnar en þær eru á þriðjudögum kl. 16:30–17:30. Umsjón með æfingunum hefur Skákfélag Selfoss og nágrennis og sér Björgvin Smári Guðmundsson, kennari, um að stjórna æfingunum. Gert er ráð fyrir því að nemendur kunni mannganginn. Engin þátttökugjöld eru og allir velkomnir. Skák er skemmtileg.



*Minningargrein:*

# Kveðja frá Jórukórnum

Það var í útilegu í Þjórsárdal sumarið 1996 að nokkrar vinkonur hér á Selfossi fengu þá hugmynd að stofna kvennakór. Þetta voru hressar og skemmtilegar konur og kórinn átti að vera í þeim anda, hress og skemmtilegur. Ein af þessum framtakssömu konum var Guðrún Guðmundsdóttir sem við kveðjum hér í dag. Fyrsta verkefni þessara vinkvenna var að finna kórstjóra og fleiri konur til að syngja í kórnum og gekk þetta bæði ljómandi vel. Elín Gunnlaugsdóttir tónlistarkennari varð fyrsti stjórnandi kórsins og milli 20-30 konur mættu á fyrstu æfinguna. Næsta verkefni var síðan að finna nafn á kórinn en það varð að vera bæði kraftmikið og hressilegt. Því var ákveðið að nefna kórinn í höfuðið á konu sem lét fátt aftra sér í því sem hún ætlaði sér, sjálfa Jóruna og þar með var nafnið komið, Jórukórinn.



*Guðrún Guðmundsdóttir.*

Guðrún söng með Jórukórnum frá fyrstu æfingu haustið 1996 og allt þar til veikindi hennar settu strik í reikninginn á síðasta ári. Hún gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir kórinn, meðal annars var hún ritari í fyrstu stjórninni og formaður árin 2003-2005. Guðrún var frábær félagi, góður sópran og alltaf til í eitthvað skemmtilegt. Hún tók þátt í öllum utanlandsferðum sem kórinn hefur farið í, lét sig aldrei vanta í æfingabúðir, óvissuferðir eða að standa vaktina á Flóamarkaði Jórukórsins. Þær systur Guðrún og Auðbjörg sem einnig er stofnandi Jórukórsins, voru oft nefndar í sömu setningunni enda báðar órjúfanlegur hluti af kórnum í meira en 20 ár. Það er með miklum söknuði en einnig með óteljandi skemmtilegum minningum sem við Jórur kveðjum Guðrúnu og þökkum samfylgdina í gegnum árin.

Við sendum fjölskyldu Guðrúnar okkar innilegustu samúðarkveðjur.

*Fyrir hönd Jórukórsins,*
*Kolbrún Káradóttir.*

FEB – Félag eldri borgara Selfossi

Tekið verður á móti greiðslu á söngleikinn Matthildi mánudaginn 25. mars kl. 13-15. Verð með rútu kr. 8.700.

**Upplýsingar:** Erla (sími 899 8226)
Svala (sími 846 8687)

Leikfélag Hveragerðis

2 Tvö Faldir

SÝNT Í LEIKHÚSINU AUSTURMÖRK 23

Two into one

**Höfundur: Ray Cooney**
**Þýðandi: Árni Ibsen**
**Leikstjóri: María Sigurðardóttir**

13.sýning föstudag 22.mars örfáir miðar lausir, 14.sýning föstudag 29.mars
AUKASÝNING Örfáir miðar lausir!
15.sýning laugardag 30.mars UPPSELT
16.sýning laugardag 6.apríl
**LOKASÝNING**

Allar sýningar byrja kl: 20:00
Miðapantanir í síma 863-8522

## Sumarstörf 2019

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir laus til umsóknar sumarstörf við íþróttamannvirki á Laugarvatni

Um er að ræða vaktavinnu frá 25.maí til 15.ágúst

**Verkefni starfsmanna felast m.a. í:**

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með íþróttahúsi og þreksal.
- Afgreiðsla – þjónusta við gesti.
- Þrif á mannvirkjum.

**Hæfniskröfur:**

- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Gott líkamlegt atgervi.
- Við ráðningu, sitja námskeið í skyndihjálp og standast sund– og þolpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Sýni frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri.

Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar veitir Kristbjörg Guðmundsdóttir í síma 480 3041 á skrifstofutíma.

Umsóknir berist í tölvupósti á netfang kristbjorg@blaskogabyggd.is

## KÆRU FÉLAGSMENN FOSS

FOSS

Nú fer að líða að aðalfundi félagsins en hann verður haldinn miðvikudaginn 22. maí á Hótel Selfossi kl. 19:00.

Kjósa á um þrjá stjórnarmenn.

**Tillaga kjörnefndar er eftirfarandi:**
Ágústa Richardsdóttir Olsen, stjórnarmaður
Birna Kjartansdóttir, stjórnarmaður
Kristín Erna Leifsdóttir, stjórnarmaður

Félagsmenn geta gert tillögu um stjórnarmenn og verða að minnsta kosti 5 félagsmenn að standa að tillögu félagsmanna um hvern stjórnarmann. Allar tillögur skulu vera skriflegar og berast stjórn félagsins fyrir 12. apríl.

Tillögum skal fylgja nafn, kennitala, starfsheiti, heimilisfang og heiti vinnustaðar þeirra sem tillaga er gerð um. Tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um en að öðrum kosti telst tillaga um hann ógild.

*Kjörnefnd*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2491 Miðvikudagur 20. mars 2019

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Josera.
super premium
gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi


No Sleep.

# Uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins

Nótan er sameiginleg uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins. Birtingarmynd hennar þessa dagana eru glæsilegir svæðistónleikar sem haldnir eru í hverjum landshluta.

Síðastliðinn laugardag fóru fram svæðistónleikar Nótunnar fyrir Suðurland, Suðurnes og Kragann og átti Tónlistarskóli Árnesinga fjögur atriði á dagskránni. Á tónleikunum kepptu tónlistarskólanemendur um þátttökurétt á lokatónleikum Nótunnar, sem að þessu sinni verða haldnir í Hofi á Akureyri 6. apríl.

Nemendur Tónlistarskóla Árnesinga stóðu sig allir afskaplega vel og voru skólanum til mikils sóma. Þá var uppskeran ríkuleg, því tvö af atriðum skólans komust áfram á lokatónleikana.

Fulltrúar Tónlistarskóla Árnesinga í Hofi þann 6. apríl verða:

Eyrún Huld Ingvarsdóttir,


Eyrún Huld og Einar Bjartur.

sem leikur 1. þátt úr konsert í a-moll eftir Antonio Vivaldi á fiðlu, við undirleik Einars Bjarts Egilssonar og Rytmasveitin No Sleep, en hana skipa Gylfi Þór Ósvaldsson rafgítar, Jakob Unnar Sigurðarson rafbassi, Valgarður Uni Arnarson rafgítar og Þröstur Ægir Þorsteinsson trommur. Þeir leika lagið Something eftir George Harrison.

Við óskum nemendum og kennurum innilega til hamingju með árangurinn og góðs gengis á Akureyri.

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Raf- og Kæliþjónustan ehf.
Sími 660 2970
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaviðgerðir
• Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

...í réttum gæðum
Gluggar Útihurðir Sérsmíði
GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslum við litla manninn

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

glænýr matseðill
Hafið Bláa
restaurant with a view
The Blue Sea
hafidblaa.is • 483-1000
hafidblaa@hafidblaa.is

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar
Háheiði 6, Selfoss s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 -17

Endurmenntun LbhÍ
Námskeið fyrir þig!
Er leiksvæðið í lagi?
19.-20. mars hjá
LbhÍ á Keldnaholti í Reykjavík
www.lbhi.is/namskeid
endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

SPEKT
Bókhaldsþjónusta
Skattaráðgjöf
Reykjavík / Þorlákshöfn
Sími 587 7600 / 860 9900
spekt@spekt.is

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn – Sími 483 1955 – www.sbskilti.is

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Félagsheimilið Árnes
hentar sérlega vel fyrir allskyns veislur og viðburði.
Húsið rúmar 360 manns í þremur sölum.
Fjölskyldutjaldsvæði með rafmagni, sundlaug og heitum potti.
Góð aðstaða er fyrir útiíþróttir og leiktæki fyrir börn.
Nánari upplýsingar
Kristjana - 486 6100 - kidda@skeidgnup.is
Ari - 893 4426 - ari@skeidgnup.is
www.skeidgnup.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is